



ÁRSSKÝRSLA VINNUMÁLASTOFNUNAR

2016



VINNUMÁLA
STOFNUN



Ársskýrsla Vinnumálastofnunar 2016

Útgefandi:
Vinnumálastofnun

Ritstjóri:
Margrét Lind Ólafsdóttir

Yfirlestur:
Gyða Sigfinnsdóttir

Hönnun og umbrot:
Kría hönnunarstofa

Prentun:
Pixel



ÁRSSKÝRSLA VINNUMÁLASTOFNUNAR 2016

Reynslan er vísindum fremri.....	4
Starfsemi Vinnumálastofnunar.....	6
Vinumarkaðurinn.....	10
Vinumarkaðsaðgerðir <i>áherslur 2016</i>	13
Atvinnumál útlendinga <i>Atvinnuleyfi, starfsmannaleigur, og erlend þjónustufyrirtæki</i>	17
Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði.....	22
Styrkir til atvinnumála kvenna 2016.....	24
EURES evrópsk vinnumiðlun.....	26
Atvinnumál fólks með fötlun og örorku.....	28
Greiðslustofa.....	31
Norrænt samstarf.....	32
Eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar.....	38
Atvinnuleysistryggingar.....	41
Fæðingarorlofssjóður.....	44
Ábyrgðasjóður launa.....	48
Ársreikningur Vinnumálastofnunar.....	51
Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi	
<i>Atvinnuleysistryggingasjóðs</i>	64
<i>Fæðingarorlofssjóðs</i>	66
<i>Ábyrgðasjóðs launa</i>	68

4.790

ATVINNULAUSIR




2.580
konur




2.210
karlar

ATVINNULEYSI 2014-2016




STARFSMENN




STARFSMANNALEIGUR

Fjöldi starfsmannaleiga og starfsmenn á vegum þeirra


STARFSMANNALEIGUR



ATVINNULEYSI Í 20 ÁR




VINNUMÁLASTOFNUN LYKILTÖLUR 2016



- Grunnskóli
- Háskóli
- Framhaldsskóli
- Iðnnám

MENNTUN ATVINNULEITENDA



BÚFERLAFLUTNINGAR til og frá Íslandi 2016

REYNSLAN ER VÍSINDUM FREMRI

Reynslan kann að vera mönnum dýrkeypt. Þegar hún er fengin, þá er hún hinsvegar ókeypis til notkunar. Við ákvarðanir og skipulag er ávallt hægt að hafa reynsluna til hliðsjónar, taka mið af henni og gera betur næst. Erum við að því Íslendingar? Erum við núna þessi árin að nota reynsluna af þensluskeiðinu 2004 – 2008? Þensluskeið sem endaði með skelfingu. Nei – það er ekki að sjá að við ákvarðanir um fjárfestingar og framkvæmdahraða, við skipulag húsnæðismála og aðra mikilvæga samfélagsþætti sé verið að nýta sér dýrkeypta reynsluna frá því fyrir tíu árum eða svo.

Óþægilegar aukaverkanir þessarar skammsýni eru að koma fram á vinnumarkaðnum, líkt og gerðist fyrr. Gífurleg eftirspurn er nú eftir vinnuafli, helst sem ódýrustu og stöðugur og vaxandi innflutningur verkafólks er frá Austur Evrópu og Asíu sem illa þekkir skipulagðan vinnumarkað, réttindi hans og skyldur. Ný ráðningarform eru að birtast í formi starfsmannaleiga, útsendra starfsmanna eða þjónustusamninga og deiliahagkerfis, þar sem reynt er að víkja sér undan hefðbundnu ráðningarsambandi sem við Íslendingar höfum búið við og reynst okkur vel. Við þessu þarf í sumum tilvikum að bregðast með nýjum eða breyttum lögum og slíkt tekur tíma – stundum of mikinn tíma.

Það þarf mikla orku og samræmt vinnulag fjölmargra sem láta sig vinnumarkaðinn varða til að verjast þessu áhlaupi. Það er þegar sýnt að fjárfestingaraðilar ætla ekki að nýta sér reynsluna af fyrri verkum. Hvatinn til að láta stjórnast af skammtímagróðavon er mikill og því miður alltof ráðandi.

Vinnumálastofnun gegnir mikilvægu hlutverki við að fylgja skilvirku og skýru verklagi og eftirliti með þeim lögum sem undir hana heyra og varða vinnumarkaðinn. Fjölmargir fleiri koma þar við sögu. Verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda fara með framkvæmd og eftirlit kjarasamninga, skattayfirvöld eiga að tryggja rétta skattheimtu, Vinnueftirlitið annast öryggismál á vinnustöðum, lögreglan og Útlendingastofnun fara með eftirlit og skráningu útlendinga sem koma til landsins og fleiri mætti nefna. Samstarf allra þessara aðila er nauðsynlegt og mikilvægt og þessir aðilar þurfa að kunna sér hof í gagnrýni hver á aðra, leitast við að stuðla að fagmennsku og beina sjónum sínum beint að úrlausnarefninu, til að samstarfið gangi. Reynslan á að hafa kennt okkur að annað gengur ekki. Vitaskuld er einnig mikilvægt að ofgera og ofmeta ekki aðsteðjandi vanda. Þrátt fyrir allt er gott að muna að íslenskur vinnumarkaður er a.m.k. ennþá vel skipulagður, þátttaka í verkalýðsfélögum með því mesta sem þekkest, atvinnuþátttaka mikil og stéttarvitund rík.

Vinnumálastofnun hefur í verkskipulagi sínu og áætlanagerð tekið mið af þessum aðstæðum, bætt við starfsfólki í eftirlitsstörf og umsýslu atvinnuleyfa. Stofnunin hefur einnig leitast við að nýta bætt atvinnuástand til að styðja fleiri sem búa við skerta starfsgetu til þátttöku á vinnumarkaðnum. Þetta hefur verið gert með fjölgun ráðgjafa og stuðningsfulltrúa, betra skipulagi hinna svokölluðu vinnusamninga öryrkja en þeir hafa reynst árangursríkur lykill að vinnumarkaðnum fyrir marga. Nefna má að á árinu 2017 eru áætlaðar 870 m.kr. til þessa verkefnis og sýnt að þeir fjármunir muni allir nýtast.



Á sl. ári gerði Vinnuáætlun yfirgripsmikla viðmiðunarrýni á starfsemi sinni og bar frammistöðu sína saman við sambærilegar stofnanir í öðrum Evrópulöndum. Á þennan hátt hefur stofnunin greint styrkleika og veikleika sína og betur komið auga á hvar hægt er að gera umbætur og hvernig má hrinda þeim í framkvæmd. Þetta sést best á framsetningu starfs- og fjárhagsáætlunar stofnunarinnar fyrir yfirstandandi ár. Þar hafa starfseiningar sett sér markmið með skýrri ábyrgð, tiltekið hvaða mælikvarðar eru lagðir til grundvallar og reynt að tilgreina hvernig árangur umbóta er metinn og hversu reglulega. Með þessu verður starfsáætlunin sífelld áminning um að bæta árangur í starfinu. Er þessi vinna stofnunarinnar fyrirmynd fyrir aðrar opinberar stofnanir um skipulag starfseminnar.

Í þessari ársskýrslu er starfsemi stofnunarinnar fyrir árið 2016 reifuð í megindráttum. Eins og sjá má er starfsemi hennar afar fjölbreytt og það er von okkar að lesendur verði nokkru nær um þau mikilvægu viðfangsefni sem stofnunin sinnir.

Gissur Pétursson forstjóri, maí 2017

STARFSEMI VINNUMÁLASTOFNUNAR

Vinnumálastofnun rekur átta þjónustuskrifstofur á landinu auk þriggja smærri útibúa. Þá er starfsemi Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðasjóðs launa hluti af starfsemi Vinnumálastofnunar. Fjöldi starfsmanna Vinnumálastofnunar voru 145 á árinu 2016 og skiptust þeir þannig að á höfuðborgarsvæðinu störfuðu 80 en á landsbyggðinni voru starfsmennirnir 65.

Vinnumálastofnun heldur uppi fjölbreyttri starfsemi, annast skráningu atvinnulausra, útreikninga og greiðslu atvinnuleysisbóta auk annarrar starfsemi sem sagt er frá hér að neðan.

Þjónustuver Vinnumálastofnunar

Þjónustuver Vinnumálastofnunar sinnir fjölbreyttum verkefnum eins og símsvörum, veitir almennar upplýsingar, skráir og tekur á móti gögnum, afgreiðir og skráir umsóknir um fæðingarorlof o.fl.

Vinnumiðlun

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar starfrækja öfluga vinnumiðlun á landsvísu sem er opin fyrir atvinnuleitendur, hvort sem þeir eru á skrá hjá Vinnumálastofnun eða ekki. Atvinnuráðgjafar aðstoða fyrirtæki við ráðningarferli og er leitast við að veita einstaklingsmiðaða þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins. Gott samstarf og tenging vinnumiðlunar við atvinnulífið er mikilvæg og stuðlar að fleiri tækifærum fyrir atvinnuleitendur. Atvinnuráðgjafar veita atvinnuleitendum leiðsögn og ráðgjöf um atvinnuleit.

Vinnumiðlun annast einnig skipulag starfstengdra vinnu- markaðsúræða í samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög og er komin góð reynsla á slík úrræði.

Markmið starfstengdra vinnu- markaðsúræða er að auðvelda atvinnurekendum nýráðningar á einstaklingum sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins, þannig að atvinnurekendur geta sótt um að fá styrk með ráðningu í allt að sex mánuði. Með úrræðum skapast tækifæri bæði fyrir atvinnulífið og þá einstaklinga sem í hlut eiga og fá með þessu tækifæri til innkomu á vinnu- markað að nýju. Helstu starfstengdu vinnu- markaðsúræðin eru starfsþjálfun, starfsorka og sérstök átaks- verkefni.

EURES evrópsk vinnumiðlun er hluti af þjónustu opinberrar vinnumiðlunar hjá Vinnumálastofnun.

Ráðgjafarþjónusta

Vinnumálastofnun rekur öfluga ráðgjafarþjónustu fyrir atvinnuleitendur. Þeim stendur til boða einstaklingsráðgjöf og stuðningur til að takast á við atvinnumissinn og aðstoð við atvinnuleitina. Í ráðgjöfinni fá atvinnuleitendur fræðslu tengda atvinnuleitinni, aðstoð við gerð ferilskrár (ef hún er ekki þegar til staðar), kynningarbréfs og undirbúning fyrir atvinnuviðtal.

Sú náms- og starfsráðgjöf sem er í boði hefur það að markmiði að leiðbeina atvinnuleitendum til aukinnar sjálfsþekkingar, aðstoða þá við að finna hvar áhugasviðið liggur, hver hæfnin er og hvert einstaklingur stefnir með tilliti til starfsþróunar. Ráðgjafar leiðbeina atvinnuleitendum um möguleika á því að stunda nám samhliða atvinnuleysisbótum og um styrki til þess að sækja námskeið. Einnig er hægt að fá aðstoð við öflun upplýsinga um nám og námsleiðir í almenna skólakerfinu og hjá símenntunarmiðstöðvum og um þau námskeið hjá Vinnumálastofnun sem standa atvinnuleitendum til boða þeim að kostnaðarlausu.

Tölulegar upplýsingar

Vinnumálastofnun heldur utan um og aflar upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur frá einstökum landshlutum. Einnig fylgist Vinnumálastofnun með samsetningu vinnuafis, kannar reglubundið mannaflaþörf og framtíðarhorfur í atvinnugreinum ásamt því að miðla upplýsingum um atvinnuástandið í landinu.

Útgáfa atvinnuleyfa og skráning útlendinga

Vinnumálastofnun sér um útgáfu atvinnuleyfa sem og skráningu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og starfsmannaleigum. Mikil aukning hefur orðið á þessari starfsemi hjá stofnuninni.

Eftirlit

Eitt af hlutverkum Vinnumálastofnunar er að standa vörð um íslenska velferðarkerfið og verja það misnotkun.

Markmiðið með því að starfrækja eftirlit í atvinnuleysistryggingakerfinu er að tryggja eins og kostur er að aðeins þeir sem uppfylla skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar fái greiddar atvinnuleysisbætur og koma í veg fyrir og uppræta sannanlega misnotkun á atvinnuleysisbótum.

Stjórn og Vinnumarkaðsráð

Velferðarráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu helstu aðila vinnumarkaðarins. Formaður og varaformaður eru skipaðir án tilnefningar ráðherra. Forstjóri Vinnumálastofnunar


situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn Vinnumálastofnunar skal annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða og gera velferðarráðherra grein fyrir atvinnuástandi og árangri vinnumarkaðsaðgerða í skýrslu í lok hvers árs. Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Skal stjórnin hafa reglulegt samráð við vinnumarkaðsráðin við mat á atvinnuástandi í landinu.

Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er mælt fyrir um sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem starfa í samvinnu við skrifstofur Vinnumálastofnunar um land allt og eru stofnuninni til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúræðum á svæðinu. Í ráðinu sitja fulltrúar sem tilnefndir eru af samtökum launafólks, samtökum atvinnurekenda, sveitarfélögum, menntamálaráðherra og velferðarráðherra. Vinnumarkaðsráðin hafa venjulega til umráða ákveðna fjármuni til rannsóknarstarfa eða annarra verkefna sem líkleg þykja til að styrkja vinnumarkaðinn á viðkomandi svæði.

Atvinnuleysistryggingasjóður og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga eru í umsjá Vinnumálastofnunar í umboði sjóðsstjórna. Vinnumálastofnun annast jafnframt skrifstofuhald fyrir Ábyrgðasjóð launa á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Ennfremur annast stofnunin umsýslu fyrir Fæðingarorlofssjóð, starfsendurhæfingu, vinnusamninga öryrkja og atvinnumál fatlaðra, lánatryggingasjóð kvenna og atvinnumál kvenna. Á árinu 2016 tók Vinnumálastofnun að sér framkvæmd laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og að útfæra Greiðslustofu til Húsnæðisbóta. Verkefnið fór af stað um mitt árið og annast stofnunin umsýslu fyrir sjóðinn.

Skipurit Vinnumálastofnunar



Fjármál

Á árinu 2016 var 73,4 m.kr. rekstrarafgangur á rekstri Vinnumálastofnunar en á árinu 2015 varð rekstrarhalli 10,8 m.kr.

Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 1.109,4 m.kr. og þar af voru þjónustutekjur vegna þjónustu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og Ábyrgðasjóð launa 726,0 m.kr. Framlag ríkissjóðs var 296,7 m.kr. á árinu 2016.

Útgjöld stofnunarinnar voru 1.332,8 m.kr. en voru 1.231,6 m.kr. árið 2015. Eiginfjárstaða stofnunarinnar í árslok 2016 var jákvæð um 66,5 m.kr. en var neikvæð um 6,9 m.kr. í árslok 2015. Launahækkarnir hafa verið stór útgjaldaliður undafarin ár og á árinu 2016 námu þær hækkarnir um 65,8 millj. kr.

Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna atvinnuleysisbóta voru 9.369,9 m.kr. en voru 10.668,5 m.kr. árið 2015. Í árslok 2016 var eigið fé Atvinnuleysistryggingasjóðs 18.562,5 m.kr. og hafði þar með hækkað um 6.586,5 m.kr. frá árslokum 2015.

Útgjöld Ábyrgðasjóðs launa námu 699,7 m.kr. en voru 589,5 m.kr. árið 2015. Rekstrarafgangur af rekstri sjóðsins nam 245,6 m.kr. og var eigið fé sjóðsins jákvætt um 2.627,9 m.kr. í árslok 2016.

Útgjöld Fæðingarorlofsjóðs námu 9.230,6 m.kr. en voru 9.382,3 m.kr. árið 2015. Rekstrarhalli af rekstri sjóðsins árið 2016 nam 357,9 m.kr. og í árslok 2016 var eigið fé Fæðingarorlofsjóðs jákvætt um 2.602,5 m.kr.

Tekjur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi eintaklinga samantanda af mörkuðum tekjum 57,6 m.kr. og fjármunatekjum 42,4 m.kr. Útgjöld sjóðsins námu 5,6 m.kr. og rekstrarafgangur varð þar með 94,4 m.kr., eigið fé í árslok var 1.084,1 m.kr.

Ýmis sérverkefni stofnunarinnar

Vinnumálastofnun hefur tekið þátt í og haft umsjón með ýmsum verkefnum á árinu. Má þar nefna sumarátaksstörf fyrir námsmenn, atvinnumál kvenna og Svanna – lánatryggingasjóð

kvenna. Vinnumálastofnun tekur einnig þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum verkefnum sem greint er frá aftar í skýrslunni.

Atvinnumál fatlaðra

Vinnumálastofnun tók við vinnumarkaðsúrræðum fyrir fatlað fólk í byrjun árs 2016.

Aðgengi að öllum atvinnutengdum aðgerðum er því komið á einn og sama stað hjá Vinnumálastofnun, óháð því af hvaða ástæðum fólk þarf á þeim að halda. Frá 1. janúar 2016 fluttist umsjón með vinnusamningum öryrkja frá Tryggingastofnun til Vinnumálastofnunar. Vinnusamningar eru endurgreiðslusamningar til atvinnurekenda sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa. Vinnumálastofnun vinnur markvisst að því að auka þjónustuframboð með rafrænum leiðum og með tilkomu verkefnisins var vefgátt fyrir atvinnurekendur hönnuð og tekin í notkun vorið 2016. Með því var verklag einfaldað og öryggi í meðferð gagna aukið. Nánar er fjallað um atvinnumál fatlaðra aftar í skýrslunni.



VINNUMARKAÐURINN

Aukin eftirspurn hefur verið eftir vinnuafli síðustu misseri og fjölgaði starfandi fólki um nálægt 7.000 manns milli áráanna 2015 og 2016. Fór fjöldi starfandi úr um 184 þúsund manns 2015 í nærri 191 þúsund manns 2016. Körlum fjölgaði mun meira en konum milli áráanna 2015 og 2016.

Störfum fjölgaði mest í ferðaþjónustu, verslun og vöruflutningum og einnig í sérfræðilegri þjónustustarfsemi og upplýsingatækni. Einnig fjölgaði störfum nokkuð í byggingariðnaði og ýmis konar þjónustustarfsemi.


Aukin eftirspurn eftir vinnuafli kom fram með þrennum hætti; atvinnulausum fækkaði áfram, atvinnuþátttaka fór vaxandi í öllum aldurshópum og erlendum ríkisborgurum fjölgaði mikið á vinnumarkaði á árinu.

Vinnuafli og fjöldi starfandi

Atvinnuþátttaka jókst nokkuð á árinu líkt og jafnan gerist þegar þensla er í efnahagslífinu. Þannig var atvinnuþátttakan 83,6% meðal 16 - 74 ára og hafði aukist úr 82,5% árið áður. Ef lítið er á aldurshópinn 16 - 64 ára er atvinnuþátttakan 89,1% árið 2016 og hafði aukist úr 87,9% árið 2015. Það var einkum meðal karla sem atvinnuþátttaka jókst á árinu 2016 þó hún hafi aukist lítið eitt meðal kvenna líka.

Fólki á vinnumarkaði fjölgaði um 5.200 manns og fjölgaði körlum á vinnumarkaði mun meira en konum, eða um 4.400 á meðan konum fjölgaði aðeins um 800. Þá var fjölgun á vinnumarkaði mun meira áberandi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Einkum virðist hafa fjölgað mikið á vinnumarkaði á Suðurnesjum og má áætla út frá mannföldabreytingum að þar hafi fólki á

Fjöldi fólks á vinnumarkaði og fjöldi starfandi




vinnumarkaði fjölgað um nálægt 7,5% á árinu 2016. Einnig er fjölgunin áberandi á Suðurlandi (4,3%), á Vesturlandi (3,5%) og á Norðurlandi eystra (3,4%).

Starfandi fólki fjölgaði um 6.900 manns, körlum um 5.100 en konum um 1.800. Þessi mikla fjölgun starfandi karla er mjög áberandi í verslun og vöruflutningastarfsemi, en einnig í ferðaþjónustu, sérfræðilegri þjónustustarfsemi og upplýsingatækni, auk byggingariðnaðar að einhverju leyti þó aukningin þar sé minni en búist hafði verið við. Fjölgun starfandi kvenna er einkum í ferðaþjónustu og ýmis konar þjónustustarfsemi s.s. menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi og í starfsemi félagasamtaka og í skyldri starfsemi.

Áætlað er að erlendu starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði hafi fjölgað úr um 18.000 manns árið 2015 í ríflega 20.000 á árinu 2016.

Atvinnuleysi síðustu 10 ár




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi á árinu 2016 var 2,3% og var lægra meðal karla en kvenna eða 1,9% meðal karla og 2,7% meðal kvenna. Mest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu árið 2016 eða 2,5% og var það hærra þar meðal kvenna eða 2,9% á móti 2,1% meðal karla. Næstmest var atvinnuleysi á Suðurnesjum eða 2,4%. Síðustu ár hefur atvinnuleysi mælst hæst á Suðurnesjum, ekki síst meðal kvenna, en hefur lækkað mjög hratt þar síðustu misseri meðal beggja kynja. Þannig minnkaði atvinnuleysi um 40% milli ára 2015 og 2016 á Suðurnesjum. Á Norðurlandi eystra var atvinnuleysi að meðaltali 2,3% á árinu 2016 og á Vestfjörðum 2,0%. Annars staðar á landinu var atvinnuleysi minna eða milli 1,2% og 1,8%.

Atvinnuleysi jókst nokkru meira í desember 2016 en hefðbundið er, vegna áhrifa frá sjómannaverkfallinu. Einkum var aukningin áberandi á Norðurlandi eystra og á Suðurlandi þar sem stór útgerðarfélög á Akureyri og í Vestmannaeyjum völdu að segja starfsfólki í fiskvinnslu upp störfum fremur en að halda

Atvinnuleysi eftir svæðum og kyni




ráðningarsamningi við starfsfólk með því að nýta sér ákvæði um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnslu.

Hlutfall fólks á miðjum vinnualdri hefur aukist lítið eitt á atvinnuleysisráðgjafarátt síðustu ár. Á árinu 2016 var fólk á aldrinum 30 - 49 ára 46% atvinnulausra, var 44% árið 2015 og 42 - 43% árin þar á undan. Hlutfall ungs fólks, 18-29 ára, hefur að sama skapi lækkað, var 30% árið 2016 en var um 33% frá 2011 og nokkru hærra á fyrstu árum eftir hrun. Fólk sem er 50 ára og eldra var um 24% atvinnulausra á árinu 2016 og hefur hlutfallið lítið breyst síðustu ár þó það virðist heldur fara lakkandi.

Hlutfall þeirra sem höfðu verið atvinnulausir í eitt ár eða lengur var að meðaltali 23% á árinu 2016. Þetta hlutfall hefur lækkað mikið undanfarin ár, en það var 36% þegar mest var á árunum 2011 og 2012.

Fjöldi langtímaatvinnulausra




Nánar um bakgrunn atvinnulausra

Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara var enn nokkru hærra en íslenskra ríkisborgara á árinu 2016 og er áætlað að það hafi verið um 4,5% á árinu 2016 samanborið við 2,3% meðal landsmanna allra.

Háskólamenntuðum á atvinnuleysissskrá hefur fækkað hægur en öðrum menntahópum og hefur hlutfall þeirra á atvinnuleysissskrá því farið hækkandi síðustu ár. Þannig voru 26% atvinnulausra með háskólamenntun á árinu 2016 en var 15% á árunum 2009 og 2010 og enn lægra fyrir hrún. Hlutfall háskólamenntaðra er hærra meðal kvenna, eða 30%, en 22% meðal karla. Hlutfall fólks með grunnskólapróf eða sambærilega menntun hefur á móti farið lækkandi síðustu ár og var 43% árið 2016 en um 51-52% á fyrstu árum eftir hrún og enn hærra raunar fyrir hrún. Um 8% atvinnulausra voru með iðnmenntun á árinu 2016 og hefur hlutfall þeirra farið lækkandi síðustu ár. Um 12% höfðu lokið stúdentsprófi og 11% annars konar námi á framhaldsskólastigi.

Skipting atvinnulausra eftir menntun



Stærstur hluti atvinnulausra á árinu 2016 hafði verið starfandi í verslunargeiranum í sínu síðasta starfi, eða um 18% allra atvinnulausra, 11% í gisti- og veitingaþjónustu og önnur 11% í iðnaði. Lægra hlutfall hafði verið starfandi í öðrum greinum. Dreifingin er svipuð milli atvinnugreina og síðustu ár en þó hefur hlutfall gisti- og veitingaþjónustu heldur farið hækkandi.

Verkfólki hefur fækkað hlutfallslega hraðar en öðrum síðustu ár, var um 25% atvinnulausra á árinu 2016, 26% árið 2015 og um 28% árin þar á undan. Næst fjölmennasti hópur atvinnulausra starfaði við umönnun, gæslustörf og ýmis þjónustustörf, eða um 17% atvinnulausra og hefur hlutfall atvinnulausra úr þessum starfsstéttum hækkad lítið eitt síðustu ár.



VINNUMARKAÐSAÐGERÐIR

áherslur 2016

Vinnumálastofnun sér um opinbera vinnumiðlun, metur hæfni atvinnuleitenda og skipuleggur úrræði sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitenda samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (nr. 55/2006).

Meginmarkmið laganna er annars vegar að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og hins vegar að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar vinnuafis í landinu. Markmið vinnumarkaðsaðgerða er að sporna gegn atvinnuleysi, auðvelda fólki í atvinnuleit að halda virkni sinni, stuðla að tengslum þess við atvinnulífð og skapa fólki leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku.

Þjónusta Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð

Vinnumálastofnun hefur þjónustað atvinnuleitendur sem eru á fjárhagsaðstoð frá árinu 2012 í samstarfi við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Á árinu 2016 voru alls 469 atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg í þjónustu Vinnumálastofnunar. Nýjar tilvísanir á árinu voru 344 talsins en 125 einstaklingum sem hafði verið vísað á árinu 2015 og ekki höfðu fengið starf héldu áfram í atvinnuleit á árinu 2016. Alls var 132 einstaklingum vísað aftur til Vinnumálastofnunar vegna þess að viðkomandi reyndist ekki vinnufær, mætti ekki í viðtöl eða námskeið, flutti úr sveitarfélaginu eða hætti á fjárhagsaðstoð af öðrum ástæðum.

Það voru því 337 atvinnuleitendur sem gátu nýtt sér þjónustu VMST að fullu. Úr þeim hópi fóru 236 í starf og

fjórir fóru í nám, samtals 240 einstaklingar eða 71%. Gerðir voru 29 starfsþjálfunarsamningar vegna starfa á almennum vinnumarkaði og þrír fóru í starf hjá borginni með milligöngu Atvinnumáladeildar Reykjavíkurborgar (AMD) í byrjun ársins áður en það úrræði var lagt niður. Alls fór 201 einstaklingur í starf á almennum vinnumarkaði án styrks til atvinnurekanda. Að meðaltali tók það einstakling sem vísað var í þjónustu á árinu 2016, 105 daga að fá starf.

Samsetning hópsins var svipuð milli ára hvað kyn og aldersdreifingu varðar en fjölgun var í hópi útlendra atvinnuleitenda og munar þar mest um fjölgun flóttamanna í atvinnuleit sem vísað var í þjónustu hjá Vinnumálastofnun. Fleiri atvinnuleitendur nýttu sér túlkþjónustu en árið áður og má segja að heilt yfir hafi þeir sem komu í þjónustu Vinnumálastofnunar árið 2016 þurft meiri aðstoð og stuðning en árið áður.

Aldurs- og kynjaskipting

Hlutfall karla í þjónustu var 75% (353 einstaklingar) og kvenna 25% (116 einstaklingar). Þess má geta að hlutfall karla á atvinnuleysisráðum sem fá greitt úr Atvinnuleysisstryggingasjóði var 47% í desember 2016 og kvenna 53%.

Aldursdreifing einstaklinga á fjárhagsaðstoð var með þeim hætti að flestir voru á aldrinum 21 til 30 ára (33%) og 31 til 40 ára (31%) en sú dreifing er mjög svipuð og hjá þeim atvinnuleitendum sem eru með greiðslur úr Atvinnuleysisstryggingasjóði. Á myndinni má sjá aldersdreifingu einstaklinga sem voru í þjónustu Vinnumálastofnunar á árinu 2016.

3.060

manns tóku þátt
í 4.233 úrræðum
árið 2016




2.417
konur




1.816
karlar

Fjöldi eftir aldri



Fjárhagsaðstoð atvinnuleitenda 2016

Fjöldi eftir ríkisfangi



Ísland
68% | 318 einstaklingar

Pólland
6% | 28 einstaklingar

30 önnur ríkisföng
26% | 123 einstaklingar

50%

Þátttakenda voru ekki lengur
á atvinnuleysissskrá 3 mánuðum eftir
að vinnumarkaðsúræðum lauk.

83%

Þátttakenda voru ekki lengur
á atvinnuleysissskrá 3 mánuðum eftir
að starfstengdum úrræðum lauk.

Skipting eftir ríkisfangi

Íslenskir atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð voru 68% (318 einstaklingar) þeirra sem nutu þjónustu Vinnumálastofnunar á árinu 2016. Með pólskt ríkisfang voru 6% (28 einstaklingar). 26% atvinnuleitenda (123 einstaklingar) höfðu annað ríkisfang en í þeim hópi voru atvinnuleitendur frá yfir 30 ríkjum. Fjölgun var mest í hópi hælisleitenda sem höfðu fengið stöðu flóttamanns en alls var hlutfall flóttamanna í þjónustu Vinnumálastofnunar árið 2016, 17% en var 4% árið 2015. Flestir flóttamanna í þjónustu VMST komu frá Sýrlandi eða 30 talsins.

Samstarfið við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar á árinu 2016 var eins og best verður á kosið. Upplýsingum var miðlað á greiðan og öruggan máta og funduðu tengiliðir Vinnumálastofnunar og virkniráðgjafar þjónustumiðstöðva borgarinnar reglulega þar sem farið var yfir mál einstaklinga í þjónustu. Haldinn var sameiginlegur fundur með öllum virkniráðgjöfum og ráðgjöfum VMST í febrúar þar sem farið var yfir árangur af starfi ársins á undan og almennt um samstarfið milli þessara kerfa. Þá fundaði samráðshópur, sem skipaður var fulltrúum frá velferðarsviði borgarinnar og VMST um það bil einu sinni í mánuði og fór yfir stöðu verkefnisins.

Undanfarin ár hefur mikil þekking og reynsla byggst upp í ráðgjöf og vinnumiðlun við einstaklinga á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þessi hópur á oft erfiðara uppdráttar á vinnumarkaði og hefur oftast verið lengi frá vinnu. Þjónustan í heild er orðin markvissari, skilvirkari og um leið árangursríkari. Ráðgjafar vinna á samræmdan hátt en þó er um einstaklingsmiðaða þjónustu að ræða, þar sem tekið er mið af stöðu atvinnuleitandans og hvar styrkleikar hans liggja. Það getur tekið mislangan tíma að virkja einstaklinginn, efla sjálfstraust og oft á tíðum vilja til að stíga út á vinnumarkaðinn aftur. Ráðgjafar hafa lagt sérstaka alúð í þetta verkefni og sýnt mikla útsjónarsemi í að útvega störf sem henta hverjum og einum.

Ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir flóttafólk í atvinnuleit

Vinnumálastofnun hóf í lok árs 2015 að bjóða upp á markvissa þjónustu og ráðgjöf við flóttafólk í atvinnuleit ásamt því að halda sérstaklega utan um tölfræði um þann hóp. Ástæðuna má rekja til fjölgunar einstaklinga sem leituðu til Vinnumálastofnunar um þjónustu eftir að hafa fengið stöðu sína viðurkennda eftir hælisleit hér á landi. Þá var einnig litið svo á að þessi hópur þyrfti sérstaka nálgun þar sem flóttafólk hefði oftast enga reynslu eða þekkingu á íslenskum vinnumarkaði. Áhersla stofnunarinnar var á að útvega flóttafólki starf strax en markmiðið var einnig að geta veitt stuðning í einhvern tíma eftir að starf var fengið til að aðlögun mætti takast sem best. Flest flóttafólk kom með tilvísun í þjónustu hjá Vinnumálastofnun frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Á árinu 2016 bárust alls 94 tilvísanir þar sem óskað var eftir þjónustu VMST við flóttafólk. Alls var fimm einstaklingum vísað til baka til félagsþjónustunnar vegna óvinnufærni. Það voru því 89 einstaklingar sem gátu nýtt sér aðstoð VMST í atvinnuleitinni. Af þeim hópi fengu 67 flóttamenn eða 75% starf á árinu. Aðrir héldu áfram í þjónustu á árinu 2017. Hluti af hópnum fékk vinnu hjá fyrirtækjum sem brugðust sérstaklega við auglýsingu frá Vinnumálastofnun um starfstækifæri fyrir flóttafólk. Flóttafólkið er með fjölbreyttan bakgrunn og menntun en karlar eru í miklum meirihluta. Fólkíð kemur frá 20 þjóðlöndum en Sýrlendingar hafa verið fjölmennastir.

Almennt um árangur af vinnumarkaðsúrræðum

Vinnumarkaðsúrræðin voru bæði mismunandi að umfangi og innihaldi. Þegar árangur er skoðaður af vinnumarkaðsúrræðum í heild kemur í ljós að um 50% þátttakenda er ekki lengur á atvinnuleysisráð þremur mánuðum eftir að þátttöku í úrræði lýkur. Árangur er áberandi bestur af starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum en 83% þeirra sem taka þátt í slíkum úrræðum eru ekki á atvinnuleysisráð þremur mánuðum eftir að þátttöku í úrræði lýkur. Árangur af námstengdum úrræðum sem atvinnuleitendum stendur til boða verður líka að teljast góður ef litið er til þess hversu margir fara af atvinnuleysisráð að lokinni þátttöku. Hlutfall kvenna í slíkum úrræðum er nokkuð hærri

Vinumarkaðsúrræði árið 2016

Tegund úrræða	Fjöldi	Karlar	Konur	Fjöldi %	Karlar %	Konur %
Grunnúrræði	1866	885	981	44%	49%	41%
Námskeið	1424	538	886	34%	30%	37%
Námsleiðir	337	73	264	8%	4%	11%
Atvinnutengd endurhæfing	216	104	112	5%	6%	5%
Starfstengd vinnumarkaðsúrræði	390	216	174	9%	12%	7%
Samtals	4233	1816	2417	100%	100%	100%

Starfstengd vinnumarkaðsúrræði

Starfstengd Vinnumarkaðsúrræði 2016	Karlar	Konur	Samtals
Fjölsmiðjan	26	5	31
Frumkvöðlastarf innan fyrirtækis eða stofnunar - starfsorka	5	17	22
Reynsluráðning	1	1	2
Sérstök átaksverkefni	5	11	16
Starfsþjálfun	159	135	294
Starfsþjálfun félagsþjónusta	20	5	25
Samtals	216	174	390

en karla en árangur karla er hins vegar nokkuð betri ef horft er til fjölda á skrá að lokinni þátttöku. Þannig voru 49% karla sem fóru á námskeið ekki á atvinnuleysiskrá þremur mánuðum eftir þátttöku samanborið við 37% kvenna. Þetta á einnig við um lengra nám þar sem munur á milli kynja er enn meiri, en um 70% karla voru ekki lengur á atvinnuleysiskrá þremur mánuðum eftir að hafa lokið lengra námi samanborið við 55% kvenna.

Við skipulag vinnumarkaðsáðgerða verður að líta til fjölmargra þátta svo að slíkar áðgerðir stuðli að auknum möguleikum atvinnuleitenda til endurkomu á vinnumarkað. Í því sambandi er æskilegt að þær áðgerðir sem gripið er til leiði til virkari atvinnuleitar þeirra sem eru án atvinnu og auki þar með líkur á þátttöku þeirra á vinnumarkaði að nýju. Í ljósi þess þurfa áðgerðir sem gripið er til meðal annars að fela í sér öfluga og

skilvirka vinnumiðlun til handa atvinnuleitendum, en á sama tíma þarf einnig að kynna vel út á við hvaða þjónustu og úrræði Vinnumálastofnun hefur upp á að bjóða.



ATVINNUMÁL ÚTLENDINGA

Atvinnuleyfi, starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki

Atvinnuleyfi útlendinga

Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Lögin kveða á um rétt útlendinga til að starfa hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem þeim er ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma hingað til lands í því skyni að vinna. Samkvæmt lögnum ber útlendingi að fá útgefið atvinnuleyfi áður en honum er heimilt að hefja störf á Íslandi. Hins vegar er mælt fyrir um undanþágur frá þeirri meginreglu í lögnum og viðtækust þeirra er sú undanþága sem tekur til ríkisborgara aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en þeim aðilum er heimilt að starfa hér á landi án atvinnuleyfis.

Á grundvelli laganna gefur Vinnumálastofnun út atvinnuleyfi til handa þeim útlendingum sem þess þurfa og hefur stofnunin eftirlit með því að útlendingar á innlendum vinnumarkaði starfi í samræmi við lögin.

Umsóknum um atvinnuleyfi fjölgaði um rúmlega þriðjung frá árinu 2015

Áframhaldandi aukning varð á umsóknum og útgáfum á atvinnuleyfum til útlendinga frá ríkjum utan EES á árinu 2016, en mikil aukning hafði þegar átt sér stað á árinu 2015. Vinnumálastofnun lauk afgreiðslu 1.778 umsókna um atvinnuleyfi á árinu 2016 og þar af gaf stofnunin út 1.525 leyfi. Flest atvinnuleyfin voru veitt til námsmanna og vegna starfa sem krefjast sérfræðipækkingar en mikil aukning varð einnig á útgefnum atvinnuleyfum vegna skorts á starfsfólki. Til samanburðar lauk Vinnumálastofnun afgreiðslu á 1.325 umsóknum um atvinnuleyfi árið 2015 og gaf út 1.173 leyfi. Gaf stofnunin því út 352 fleiri leyfi árið 2016 en árið 2015 og fjölgaði útgefnum atvinnuleyfum um 30% milli ára. Í meðfylgjandi súluriti má sjá yfirlit yfir afgreiðslu atvinnuleyfa fyrir árin 2014 til 2016:

Séu ný útgefin atvinnuleyfi sérstaklega skoðuð þá er aukning í öllum tegundum leyfa nema fyrir íþróttafólk og á grundvelli þjónustusamninga. Mesta aukningin er í leyfum til útlendinga sem stunda nám hér á landi, en þeim fjölgaði um 127 leyfi frá árinu 2015 sem er rétt tæplega 60% aukning og þar á eftir koma atvinnuleyfi vegna skorts á starfsfólki, en þeim fjölgaði um 45 milli ára og vegna starfa sem krefjast sérfræðipækkingar, en þeim fjölgaði um 38 milli ára. Heildarfjöldur nýrra útgefna leyfa milli árana 2015 og 2016 voru 224 leyfi eða sem nemur um 32% aukningu.

Ferðaþjónustan umfangsmikil


Séu atvinnuleyfin skoðuð með hliðsjón af því í hvaða atvinnugrein atvinnurekandi sem fær útgefið slíkt leyfi er starfandi má sjá að starfsemi tengd ferðaþjónustu fær útgefin langflest atvinnuleyfi eða 405 leyfi. Næst stærsta atvinnugreinin er verslun af einhverju tagi með 136 leyfi og þar á eftir menntakerfið, þ.e. grunn-, leik- og háskólar, með 128 útgefin leyfi. Stærstu sjö atvinnugreinarnar má sjá á meðfylgjandi súluriti næstu síðu:

Af 405 útgefnum leyfum til ferðaþjónustunnar eru 140 til námsmanna, 91 á grundvelli sérstakra ástæðna og 55 vegna starfa sem krefjast sérfræðipækkingar. Séu útgefin atvinnuleyfi til ferðaþjónustunnar skoðuð eftir þjóðernum kemur í ljós að ríkisborgarar frá 57 ríkjum hafa fengið atvinnuleyfi til að starfa í þeirri grein, flestir frá Bandaríkjunum, Kína og Filippseyjum.


Útlendingar frá 89 ríkjum fengu útgefið atvinnuleyfi

Samtals fengu ríkisborgarar frá 89 ríkjum útgefið atvinnuleyfi fyrir árið 2016. Bættust við 13 ný þjóðerni frá því sem var árið 2015, en það ár fengu ríkisborgarar frá 79 ríkjum útgefin atvinnuleyfi. Flestir útlendingar sem fengu útgefin atvinnuleyfi árið 2016 eru, líkt og árið 2015, frá Bandaríkjunum og


Fjöldi atvinnuleyfa frá 2014-2016



Veitt atvinnuleyfi eftir atvinnuvegum



Fjölmenntu ríkisföng sem fengu atvinnuleyfi



Helstu breytingar á útgáfu nýrra atvinnuleyfa

- Aukning er í öllum flokkum tímabundinna atvinnuleyfa nema íþróttaleyfum og á grundvelli þjónustusamnings.
- Útgáfa atvinnuleyfa vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar og vegna skorts á vinnuafli heldur áfram að aukast.
- Helmingur leyfa vegna sérstakra ástæðna eru leyfi fyrir útlendinga sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi.
- Útgefnum námsmannaleyfum fjölgaði um 60% frá árinu 2015

Yfirlit yfir útgáfu nýrra leyfa

Tegund	2016	2015	2014	2013	2012	2011
A1- Nýtt sérfræðipækking	141	103	56	49	62	60
B1- Nýtt skortur á vinnuafli	119	74	69	55	63	59
C1- Nýtt íþróttafólk	114	124	128	121	103	108
D1- Nýtt sérstakar ástæður	112	81	45	23	30	23
E1- Nýtt fjölskyldusameining	76	61	54	47	50	65
F1- Nýtt þjónustusamningur	17	39	7	10	26	39
G- Námsmaður	343	216	175	119	102	86
Samtals:	922	698	534	424	436	440

Yfirlit yfir afgreiðslu atvinnuleyfa

Tegund	2016	2015	2014	2013	2012
Ný tímabundin leyfi	562	443	352	295	308
Framlenging sami vinnustaður	407	305	306	310	292
Framlenging nýr vinnustaður	128	105	58	69	58
Óbundin atvinnuleyfi	59	67	80	79	96
Námsmaður	343	216	175	119	102
Þjónustusamningur	26	43	10	20	30
Synjanir	123	68	44	59	38
Hætt við / Afturkallað	130	78	39	25	47
Samtals afgreiddar umsóknir:	1778	1325	1064	976	971

Starfsmannaleigur og erlend þjónustufyrirtæki

	2014	2015	2016	Aukning frá 2015 til 2016
Starfsmannaleigur	4	9	30	233%
Starfsmenn	22	165	1527	825%

	2014	2015	2016	Aukning frá 2015 til 2016
Erlend þjónustufyrirtæki	5	18	54	200%
Starfsmenn	91	341	996	192%

Útgefin leyfi jan til mars:

Mán / Ár	2014	2015	2016	2017
Janúar	58	53	112	141
Febrúar	79	51	120	171
Mars	80	137	96	151
Alls	217	241	328	463
Aukning		11%	36%	41%

Sjá má í töflunni hér að ofan að útgefnum leyfum hefur haldið áfram að fjölga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 miðað við sömu mánuði síðustu ár.

Afgreiddar voru **1.778** atvinnuleyfisumsóknir á árinu 2016 sem er **34%** aukning frá árinu 2015.

Árið 2016 var metár í skráningu þjónustu-fyrirtækja og starfs-mannaleigna

233% aukning á starfsmannaleigum

200% aukning á erlendum þjónustufyrirtækjum

Filippseyjum. Í meðfylgjandi súluriti má sjá sex fjölmennustu ríkisföng útlendinga sem fengu útgefin atvinnuleyfi árin 2016 og til samanburðar fjölda frá þeim ríkjum árið 2015:

Tölulegar upplýsingar

Alls lauk Vinnumálastofnun afgreiðslu 1.778 umsókna um atvinnuleyfi fyrir útlendinga á árinu 2016. Umtalsverð aukning var á umsóknum um atvinnuleyfi fyrir fólk frá ríkjum utan EES á síðasta ári, en Vinnumálastofnun barst 453 fleiri umsóknir árið 2016 en árið 2015. Samsvarar það 34% aukningu milli ára. Í samræmi við það fjölgaði útgefnum nýjum tímabundnum atvinnuleyfum úr 698 árið 2015 í 922 árið 2016.

Starfsmannaleigur og erlend þjónustufyriræki frá EES

Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur.

Markmið laganna er meðal annars að tryggja að starfsmenn erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna njóti þeirra starfskjara sem gilda á Íslandi, þ.e. að starfskjör þeirra séu í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga. Lögin eru sett á grundvelli tilskipana ESB um erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannleigur og er ætlað að stuðla að jafnri samkeppnisstöðu íslenskra og erlendra fyrirtækja sem og að sporna gegn félagslegum undirboðum.

Samkvæmt lögnum er starfsmannaleigum og erlendum þjónustufyrirtækjum skylt að tilkynna sig til Vinnumálastofnunar, veita upplýsingar um þá starfsmenn sem starfa hér á landi og skila inn afriti af ráðningarsamningum og þjónustusamningi við hið innlenda notendafyrirtæki. Vinnumálastofnun er falið það hlutverk að meta hvort starfskjör starfsmanna starfsmannaleigna og erlendra þjónustufyrirtækja séu í samræmi við íslenska kjarasamninga og hvort önnur skilyrði laganna séu uppfyllt.

Erlent þjónustufyrirtæki og starfsmannaleiga, hver er nú munurinn þar á milli?

Um er að ræða þjónustufyrirtæki þegar starfsmaður/menn er sendur hingað til lands til starfa undir verkstjórn þess í tengslum við samning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi. Einnig er um að ræða þjónustufyrirtæki þegar starfsmaður/menn er sendur hingað til lands á vegum fyrirtækisins til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi. Þá er hins vegar um að ræða starfsmannaleigu þegar starfsmaður er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað innlends notendafyrirtækis undir verkstjórn þess. Það sem greinir því á milli þjónustufyrirtækja annars vegar og starfsmannaleigna hins vegar er verkstjórnin. Fari notendafyrirtæki með verkstjórn þá er um að ræða starfsmannaleigu.

Útsendur starfsmaður, hvað er nú það?

Útsendur starfsmaður (e. posted worker) er einstaklingur sem er í ráðningarsambandi við erlent fyrirtæki og er sendur tímabundið til starfa á Íslandi í þrenns konar tilvikum:

1. Starfsmaður er sendur til Íslands í tengslum við samning sem erlenda fyrirtækið hefur gert við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu.
2. Starfsmaður er sendur til Íslands til starfsstöðvar eða fyrirtækis sem er í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi.
3. Starfsmaður er sendur til Íslands sem starfsmaður starfsmannaleigu og starfar hann undir verkstjórn notendafyrirtækis.

Árið 2016 var metár

Málefni erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna hafa farið vaxandi innan stofnunarinnar frá miðju ári 2015 í takt við aukningu á fjölda starfandi þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna hér á landi. Það má með réttu segja að á árinu

Réttindi útsendra starfsmanna á Íslandi

Útsendum starfsmönnum eru lögum samkvæmt tryggð ákveðin réttindi. Eiga þeir til dæmis rétt á lágmarkslaunum, yfirvinnugreiðslum og orlofi samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Þá eiga þeir rétt á öruggum vinnustað líkt og aðrir sem vinna á íslenskum vinnumarkaði og fylgja skal reglum um hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma.

2016 hafi verið slegið met hvað varðar skráningu á þessum fyrirtækjum og fjölda starfsmanna sem störfuðu hér á landi á þeirra vegum, líkt og töflur á síðu 19 sýna.

Þessa miklu aukningu má einkum rekja til aukinna umsvifa í byggingar- og mannvirkjagerð, en stór hluti starfsmanna á vegum erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna sinnir störfum á því sviði. Einnig er um það að ræða að starfsmenn starfsmannaleigna séu leigðir til ræstingarfyrirtækja, hjólbarðaverkstæða og fyrirtækja í hótélrekstri.

Lærdómurinn sem var dreginn af árinu

Samhliða aukningu þessara mála þá er eðlilegt að stofnunin þurfi reglulega að endurskoða verklag sitt og aðlagast breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Á árinu 2016 komu upp mál sem sýndu að þörf væri á því að fylgst væri sérstaklega með launagreiðslum útsendra starfsmanna, þ.e. starfsmanna sem eru í ráðningarsambandi við erlend fyrirtæki. Stofnunin hefur ávallt krafist afrita af ráðningarsamningum þessara starfsmanna og kallað eftir úrbótum ef lágmarksskilyrðum íslenskra kjarasamninga og laga er ekki uppfyllt, að því er varðar lágmarkslaun, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarkshvildartíma. Hins vegar hefur komið í ljós að brögð geti verið að því að réttar launagreiðslur fari fram og því hefur stofnunin ákveðið að á árinu 2017 verði lögð áhersla á að kalla eftir launaseðlum og tímaskýrslum starfsmanna þessara fyrirtækja í auknum mæli í því skyni að sannreyna að réttar launagreiðslur hafi farið fram. Þá hefur stofnunin dregið þann lærdóm af árinu 2016 að árangursríkt geti verið að fara

í vettvangseftirlit á starfsstöðvar þessara fyrirtækja. Tilgangur slíkra ferða er tvíþættur, annars vegar að hafa sýnilegt eftirlit og kynna starfsemi Vinnumálastofnunar, og hins vegar að afla upplýsinga frá starfsmönnum þessara fyrirtækja til að sannreyna að þær upplýsingar sem stofnunin hefur fengið séu réttar.

Vettvangseftirlit Vinnumálastofnunar

Á árinu 2016 sinnti Vinnumálastofnun virku vettvangseftirliti, þ.e. eftirlitsfulltrúar stofnunarinnar fóru í eftirlitsferðir á vinnu- svæði og starfsstöðvar fyrirtækja. Ferðirnar voru ýmist farnar með fulltrúum Ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitsins og aðilum vinnumarkaðarins, eða þá að eftirlitsfulltrúar stofnunarinnar fóru á eigin vegum.

Í eftirlitsferðum sínum leitar Vinnumálastofnun eftir upplýsingum um starfsemi erlendra aðila og starfsmannaleigna sem er tilkynningarskyld til Vinnumálastofnunar. Enn fremur kannar stofnunin atvinnuleyfi þeirra útlendinga sem starfandi eru á vinnustaðnum og þurfa að hafa slík leyfi til að þeim sé heimilt að starfa hér á landi. Í þeim tilfellum sem komið hefur í ljós að útlendingur starfar án tilskilinna leyfa kallar Vinnumálastofnun til lögregluna sem tekur yfir forræði málsins.

Stofnunin hefur ekki haldið nákvæma skrá yfir fjölda ferða sem farnar hafa verið en óhætt er að fullyrða að yfir 30 eftirlitsheimsóknir voru farnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2016. Þá heimsótti stofnunin ferðaþjónustuaðila víðs vegar um landið. Tvisvar var farið í eftirlitsheimsókn á framkvæmdarsvæði kísilverksmiðjunnar á Bakka og virkjunarinnar á Þeistareykjum. Þá var farið í eftirlitsheimsókn í tengslum við stækkun Búrfellsvirkjunar og framkvæmdanna við kísilverið í Helguvík. Er það mat Vinnumálastofnunar að sýnilegt vettvangseftirlit á vegum stofnunarinnar skili sér í bættum upplýsingum frá þeim fyrirtækjum og aðilum sem stofnuninni ber að hafa eftirlit með. Enn fremur skapar það tækifæri fyrir þá erlendu starfsmenn sem njóta ekki sinna réttinda samkvæmt íslenskum kjarasamningum til að koma á framfæri sínum málum til stofnunarinnar. Með slíku eftirliti leggur stofnunin sitt af mörkum við að standa vörð um heilbrigðan vinnumarkað.

ERLENDIR RÍKISBORGARAR

á íslenskum vinnumarkaði

Ríkisborgarar EES geta komið hingað til lands til starfa án atvinnuleyfa á grundvelli EES-samningsins. Aðrir útlendingar þurfa atvinnuleyfi vilji þeir starfa á íslenskum vinnumarkaði.

Búferlaflutningar

Á árinu 2016 fluttust ríflega 4.000 fleiri útlendingar til landsins en fluttu á brott, sem er talsverð aukning frá árinu áður, en búferlaflutningar útlendinga til landsins hafa aukist jafnt og þétt frá 2011. Aðfluttum erlendum ríkisborgurum fjölgaði mjög á árinu 2016 og voru þeir þá nálægt 8.000 samanborið við um 5.000 árið áður. Brottflutningur erlendra ríkisborgara jókst á móti töluvert og fluttust næri 4.000 erlendir ríkisborgarar á brott frá landinu á árinu 2016 samanborið við um 2.000 til 2.500 árin þar á undan.

Um 45% þeirra útlendinga sem fluttust til landsins á árinu 2016 voru á aldrinum 20 - 29 ára og næst kom aldurshópurinn 30 - 39 ára, en um fjórðungur aðfluttra útlendinga var á þeim aldri og fjólgar nú meira úr eldri aldurshópum en þeim yngri. Nokkur

munur er á kynjum þannig að konur sem hingað flytja eru að jafnaði yngri en karlar.


Atvinnuleyfi og skráningar

Útgefnum atvinnuleyfum fjölgaði nokkuð á árinu 2016. Útgefin ný tímabundin leyfi voru um 760 að námsmannaleyfum meðtöldum, samanborið við um 650 árið áður. Nánari upplýsingar um atvinnuleyfi, starfsmannaleyfi og útsenda starfsmenn er að finna annars staðar í skýrslunni.


Útlendingar á vinnumarkaði

Á árinu 2016 er áætlað að erlendir ríkisborgarar á vinnualdri á Íslandi hafi verið 23 - 24.000 og er áætlað að um 21.000 þeirra hafi verið á vinnumarkaði, þar af yfir 9.000 Pólverjar eða nálægt 44% af öllum útlendingum. Fjöldi útlendinga á vinnumarkaði hefur aukist nokkuð síðustu 2 ár og er nú áætlað að fleiri séu starfandi hér á landi en á árunum fyrir hrún. Hlutfall útlendinga á vinnumarkaði var áætlað um 10,5% á árinu 2016 en hafði áður farið hæst í um 10% á árinu 2008.


Aðfluttir og brottfluttir erlendir ríkisborgarar




Aldursdreifing innflytjenda eftir kyni




Fjöldi innflytjenda á vinnumarkaði eftir kyni



Hlutfall erlends vinnuafis á íslenskum vinnumarkaði



Atvinnuleysi meðal útlendinga



Þó bæði erlendum körlum og konum fjölgi á vinnumarkaði er fjölgunin þó orðin talsvert meiri meðal karla en kvenna. Því er hlutfall útlendinga á vinnumarkaði orðið heldur hærra meðal karla en kvenna og er áætlað að erlendir karlar hafi verið yfir 11% af körlum á vinnumarkaði á árinu 2016, en erlendar konur tæp 10% kvenna á vinnumarkaði. Þetta er þó minni kynjamunur en fyrir hrun, þegar karlar voru í miklum meirihluta þeirra erlendu ríkisborgara sem hingað komu til starfa.

Atvinnuleysi

Áætlað er að atvinnuleysi meðal útlendinga hafi verið um 4,4% á árinu 2016 og hefur það farið lakkandi allt frá árinu 2010 þegar það fór hæst í yfir 14%. Atvinnuleysi er talsvert meira meðal

erlendra kvenna en erlendra karla, eða um 5,1% meðal kvenna á móti um 3,7% meðal karla, en atvinnuleysi hefur minnkað talsvert hraðar meðal erlendra karla en kvenna síðustu 2 ár samfara auknum umsvifum í byggingariðnaði og fleiri greinum. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara er talsvert meira en meðal landsmanna í heild þó svo munurinn fari smátt og smátt minnkandi.

Árstíðasveiflur í atvinnuleysi útlendinga hafa verið miklar og eru enn nokkru meiri en meðal íslenskra ríkisborgara þó svo dregið hafi úr þeim sveiflum eftir því sem atvinnuleysi hefur farið minnkandi. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hækkaði mjög mikið á meðan á sjómannaeverfallinu stóð í lok árs 2016 og á fyrstu mánuðum ársins 2017, enda útlendingar hlutfallslega fjölmennir í fiskvinnslustörfum.

STYRKIR TIL ATVINNUMÁLA KVENNA 2016

Styrkir til atvinnumála kvenna eru veittir af velferðarráðherra en Vinnumálastofnun sér um umsýslu verkefnisins. Þeir eru ætlaðir konum sem vinna að góðum viðskiptahugmyndum og verkefnum og eru skilyrði styrkveitinga þau að verkefni séu í eigu kvenna og feli í sér nýnæmi eða nýsköpun.

Einstaklingar og fyrirtæki í eigu kvenna geta sótt um styrk og heimilt er að sækja um vegna verkefna á byrjunarstigi sem og styrki til verkefna í starfandi fyrirtækjum.

Styrkir eru veittir til gerðar viðskiptaáætlunar, vegna markaðssetningar, vörubrúunar, hönnunar og vegna launakostnaðar en ekki eru veittir styrkir til framkvæmda eða vegna stofnkostnaðar.

Árið 2016 bárust um 250 umsóknir um styrki og komu þær hvaðanæva af landinu en 35 milljónir króna voru til úthlutunar. Umsóknir eru metnar af ráðgjafarnefnd sem skipuð er fulltrúum frá velferðarráðuneyti, Vinnumálastofnun og Jafnréttisstofu. Styrkjum var úthlutað þann 30. apríl og fengu 33 verkefni styrki að heildarupphæð kr. 35 milljónir. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra afhenti styrkina við hátíðlega athöfn í Nauthól.

Að venju hlutu fjölbreytt verkefni styrk en hæsta styrki hlutu eftirfarandi verkefni:



Gerosion ehf í Reykjavík

3.000.000 kr. í styrk vegna verkefnisins Fórnarfóðring fyrir jarðhitaborholur.

Markmið verkefnisins er að þróa fórnarfóðringu sem getur varið stálfóðringarnar í jarðhitaborholum gegn tæringu og varmaþensluáhrifum svo að styrkur borholunnar minnki ekki. Með fórnarfóðringunni er hægt að auka líftíma borhola og spara íslenskum orkufyrirtækjum mikinn viðhaldkostnað og kostnað við gerð nýrra borhola.

Rósa Björk Halldórsdóttir á Akranesi

3.000.000 kr. í styrk til vöruþróunar vegna verkefnisins Þróun vistvænna umbúða í stað umbúða úr plasti.

Verkefnið snýst um að þróa vistvænar en jafnframt hagkvæmar lausnir úr okkar nærumhverfi sem gætu leyst einnota umbúðir sem að öllu jöfnu eru úr plasti af hólmi. Ein hugmyndin er að þróa umbúðir sem gerðar eru úr hráefni sem gengur af í ræktun eða framleiðsluferli matvæla sem annars væri ekki nýtt. Við framleiðslu umbúðanna verður sjálfbærni höfð að leiðarljósi, umbúðir verða unnar úr efni sem annars er hent eða eru nokkurs konar hliðarafurð og ekki verður gengið á auðlindir lands og sjávar í framleiðsluferlinu.

Sandra Mjöll Jónsdóttir í Hafnarfirði

3.000.000 kr. í styrk til markaðssetningar og launakostnaðar vegna verkefnisins Platome Líftækni - Að rækta stofnfrumur með nýjum aðferðum.

Platome líftækni býr til dýrmætar líftækniáfurðir sem gera vísindamönnum kleift að rækta stofnfrumur og líffæri með betri aðferðum en áður. Áfurðirnar eru búnar til úr útrunnum blóðhlutum sem falla til hjá blóðbönkum en við framleiðsluna er notast við blóðflögur sem úreldast í blóðbönkum og er vanalega fargað. Hægt er að umbreyta þeim í nýtanlegar áfurðir á einfaldan, hagkvæman og umhverfisvænan máta samkvæmt framleiðsluferlum sem hafa verið þróaðir.

Nánari upplýsingar um úthlutanir ársins má finna á www.atvinnumalkvenna.is



Svanni – lánatryggingasjóður kvenna

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna veitir lánatryggingar til fyrirtækja í eigu kvenna og er sjóðurinn í eigu velferðarráðuneytisins, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Starfstími sjóðsins var tímabundinn og lauk verkefninu formlega í lok ársins 2014 en í júní 2015 var samþykkt að halda starfsemi áfram til loka ársins 2018.

Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann, þau fyrirtæki sem fá afgreidda lánatryggingu þurfa ekki að leggja fram veð fyrir láninu, en sjóðurinn og bankinn ábyrgjast lánið til helminga.

Stjórn sjóðsins árið 2015 skipuðu þau Jóhanna Hreiðarsdóttir, formaður og fulltrúi velferðarráðuneytis, Sigþrúður Ármann, fulltrúi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Barði Jóhannesson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Vinnumálastofnun hefur umsjón með verkefninu samkvæmt sérstökum samstarfssamingi og er Ásdís Guðmundsdóttir verkefnastjóri þess.

Árið 2016 bárust 9 umsóknir um lánatryggingar og var einni lánatryggingu úthlutað.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.svanni.is

EURES EVRÓPSK VINNUMIÐLUN

EURES (EUROpean Employment Services) hefur það hlutverk að auðvelda fólki frjálsa för innan EES ríkja. Opinberar vinnumiðlanir í öllum aðildarríkjum EES (31 talsins) auk Sviss eiga aðild að samstarfinu og nýverið hafa bæst við aðrir aðilar á vinnumarkaði svo sem stéttarfélag, samtök atvinnurekenda og einkareknar ráðningarstofur. Yfir 1000 ráðgjafar víðs vegar um Evrópu starfa undir hatti EURES og aðstoða annars vegar atvinnurekendur sem vilja ráða erlendis frá og hins vegar atvinnuleitendur sem vilja fara út fyrir landsteinana.

Framkvæmdastjórn ESB hefur yfirumsjón með samstarfinu og heldur úti EURES vefgátt þar sem finna má t.d. upplýsingar um lífs- og starfsskilyrði í öllum löndunum, sem og upplýsingar um alla starfandi EURES ráðgjafa og hvernig hafa má samband við þá. Öll störf sem auglýst eru hjá opinberum vinnumiðlunum aðildarlanda, þ.m.t. hjá Vinnumálastofnun fara sjálfkrafa inn á vefgáttina en einnig geta atvinnurekendur og atvinnuleitendur skráð sig sem notendur á síðunni og fundið sjálfir ýmist starfsfólk eða starf við hæfi.

Þjónusta EURES á Íslandi

EURES heyrir undir ráðgjafar- og vinnumiðlunarsvið Vinnumálastofnunar. Í byrjun árs sinntu tveir starfsmenn í einu og hálfu stöðugildi verkefnum en í lok árs hafði þeim fjölgað í þrjá í tæplega þremur stöðugildum. Þetta skýrist af mikilli aukningu á eftirspurn eftir þjónustu EURES bæði frá atvinnurekendum sem og atvinnuleitendum á árinu.

Alls voru 286 störf auglýst árið 2016 en þau voru 175 árið 2015. Fjöldi stöðugilda næstum tvöfaldaðist á milli ára og fór úr 368 í 723. Hluti þessara starfa voru skráð í tengslum við umsóknir

um atvinnuleyfi á grundvelli skorts á vinnuafli. Eftirfylgni með auglýstum störfum var eflað mikið á árinu og það á vafalítið þátt í því að fjöldi staðfesta ráðninga rúmlega þrefaldaðist á milli ára, fór úr 87 árið 2015 í 268 árið 2016. Ráðningarhlutfall, hlutfall ráðninga af auglýstum stöðugildum, fór því úr 23% árið 2015 í 37% árið 2016. Umsóknnum frá erlendum atvinnuleitendum í EURES umsóknagrunninum fjölgaði einnig mikið, úr 4.906 umsóknnum í 8.310 eða um 69% milli ára. Sem fyrr komu flestar umsóknir frá pólskum atvinnuleitendum og því næst ítölskum og spænskum en dreifingin á milli landa var mjög mikil. Fjöldi svaraðra tölvupósta á netfangið eures@vmst.is jókst lítilliga frá fyrra ári eða um 3%, fór úr 1.284 í 1.321 en árin 2014 og 2015 var aukningin mun meiri.

Í febrúar 2016 hófu göngu sína sérstakir upplýsingarfundir á ensku ætlaðir erlendum atvinnuleitendum frá EES svæðinu sem nýkomnir eru til landsins. Á fundunum, „New in Iceland“, sem haldnir eru vikulega er t.d. farið yfir atvinnuleit, skráningu og flutning lögheimilis til Íslands, kaup og kjör og húsnæðisleit. Um 100 manns sóttu fundina á árinu og er það mat EURES ráðgjafa að fundir séu góð viðbót við aðra þjónustu við atvinnuleitendur. Í lok árs var vefsíðu EURES, www.eures.is, lokað og hún sameinuð vefsíðu Vinnumálastofnunar. Á sama tíma var opnuð síða á Facebook, www.fb.com/EURESinIceland.

Viðburðir og samstarfsverkefni

Árlegur sameiginlegur upplýsingafundur EURES og Halló Norðurlanda fyrir atvinnuleitendur sem hyggja á flutning til Noregs, Svíþjóðar eða Danmerkur var haldinn 18. maí í húsakynnum Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1. Haldnir voru tveir fundir, einn um Noreg og annar þar sem upplýsingar voru veittar um Svíþjóð og Danmörku. Sem fyrr voru fundir vel sóttir en haldin voru erindi um atvinnuleit á Norðurlöndum



8.310

umsóknir bårust

frá erlendum atvinnuleitendum
sem er 69% aukning milli ára



og ýmis hagnýt atriði tengd flutningum, námi og starfi erlendis. Fyrirspurnir gesta úr sal voru margar og fengu fyrirlesarar góð viðbrögð við fundi.

EURES ráðgjafar fengu tækifæri til að kynna þjónustu EURES fyrir gistináttanefnd á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar 14. mars. Þetta var einstakt tækifæri þar sem meirihluti atvinnurekenda sem leita til EURES starfar innan ferðaþjónustu. Góðar umræður voru í lok fundar og nokkrir atvinnurekendur leituðu til EURES í kjölfarið.

EURES tekur þátt í svokölluðum Evrópuhóp. Evrópuhópurinn er samstarfsvettvangur Evrópuverkefna og áætlana á Íslandi. Meginmarkmiðið eru sameiginlegar kynningar til almennings og upplýsingamiðlun innan hópsins.

Hópurinn stóð fyrir kynningum í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík 28. janúar. Ráðgjafar tóku jafnframt þátt í fundum innflytjendateymis sem hittist reglulega á árinu og deildi upplýsingum um málefni er varða stöðu innflytjenda á Íslandi.

Hægt er að kynna sér hópinn betur á vefsíðunni www.evropusamvinna.is.



ATVINNUMÁL FÓLKS MEÐ FÖTLUN OG ÖRORKU

Í byrjun árs 2016 tók Vinnumálastofnun við ábyrgð á vinnumarkaðsúrræðum fyrir fatlað fólk og þar með eru atvinnumál allra landsmanna loks á einum stað eftir áratuga umræðu og skoðanaskipti um fyrirkomulag þessarar þjónustu.

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem yfirfærslan byggir á og undirrituð var haustið 2015 af fulltrúum Vinnumálastofnunar, velferðaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga í landinu er lítið á atvinnu- og hæfingartengda þjónustu sem eina heild og framkvæmd þeirrar þjónustu skilgreind sem vinnumarkaðsúrræði. Aðgengi að öllum atvinnutengdum aðgerðum er því komið á einn og sama stað hjá Vinnumálastofnun, óháð því af hvaða ástæðum fólk þarf á þeim að halda. Vinnumálastofnun veitir einnig þjónustu stækkandi hópi fólks með skerta starfsgetu sem ekki fellur undir þá skilgreiningu að vera með fötlun en er með örorkumat eða á endurhæfingarörorku.

Stofnunin hefur að hluta til veitt fólki með skerta starfsgetu þjónustu í gegnum árin en við þessi tímamót var ákveðið að endurskipuleggja þjónustu við þennan hóp atvinnuleitenda. Markmiðið er sem fyrr að mæta atvinnuleitendum út frá forsendum hvers og eins með viðurkenndum og gagnreyndum aðferðum og stuðla að því að sem flest fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu fái vinnu og haldi vinnu og að atvinnulífið fái notið þeirra starfskrafta sem í boði eru. Lögð er áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega þjónustu innan þess laga- og fjárhagsramma sem stofnuninni er markaður hverju sinni.

Fólk með skerta starfsgetu er breiður hópur með mismunandi þarfir og því þurfa ráðgjafar að nota fjölbreyttar aðferðir og nálgun í þjónustu. Markmiðið er þó ávallt að finna rétt starf fyrir atvinnuleitanda, réttan starfsmann fyrir atvinnurekanda og að starfsmaður haldi starfinu til frambúðar og eigi kost á starfsþróun.

Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga

Vinnumálastofnun sér annars vegar um sértæka ráðgjöf og vinnumiðlun og hins vegar um tilvísanir á verndaða vinnustaði, hæfingarstöðvar, starfsþjálfun og aðra atvinnutengda endurhæfingu. Sveitarfélögin annast áfram skipulag, framkvæmd, fjármögnun og rekstur verndaðra vinnustaða og hæfingarstöðva sem voru á þeirra hendi í árslok 2015. Þau bera einnig ábyrgð á frekari uppbyggingu nýrra starfsstöðva fyrir verndaða vinnu og hæfingu. Auk sveitarfélaga þá reka ýmsir aðilar eins og félagasamtök og einkaaðilar, vinnu- og hæfingarstöðvar samkvæmt þjónustusamningum við sveitarfélög, VMST og fleiri.

Þróun þjónustu

Á árinu 2016 var unnið að þróun gagnreyndra aðferða í ráðgjöf, mati á þjónustuþörf og þróun og uppbyggingu vinnumarkaðsúrræða fyrir fatlað fólk og aðra atvinnuleitendur með skerta starfsgetu, ásamt þróun og innleiðingu samræmdra verkferla á landinu öllu. Samhliða var komið á skipulögðu samráði milli þjónustuskrifstofa stofnunarinnar og sérfræðinga sveitarfélaganna í málefnum fatlaðs fólks. Sérstakir samráðshópar hafa fundað reglulega og fjallað um og afgreitt umsóknir um hæfingartengda þjónustu auk þess að fjalla um stöðu og framtíð þeirrar þjónustu, umsóknarferla og matstæki.

Fræðsla og kynning, þróun vinnumarkaðsúrræða, fjölgun hlutastarfa, aukin fjölbreytni starfsþjálfunar og starfsprófana eru meðal þess sem VMST mun leggja áherslu á á komandi árum. Raunverulegur árangur í þessum málum næst þó tæpast án viðtæks samstarfs um þróun nýrra leiða, samstarfs með fulltrúum vinnumarkaðarins bæði hins almenna og hins opinbera, fulltrúum fyrirtækja og stofnana, samtaka fyrirtækja og atvinnulífs.



Ráðning með stuðningi

Haustið 2016 fór í gang tilraunaverkefnið „Ráðning með stuðningi“ styrkt af Framkvæmdaáætlun málefna fatlaðs fólks. Verkefnið felur í sér samstarf við skóla, fyrirtæki og fulltrúa atvinnulífsins um þróunarverkefni sem miðar að fjölgun starfstækifæra fyrir fatlað fólk. Markmiðið er að fjölga starfstækifærum og auka fjölbreytni starfa fyrir ungt fólk með fötlun sem er að ljúka starfsbrautum framhaldsskóla eða diplómanámi í háskóla. Stefnt er að því að afraksturinn verði auk þess í formi fræðslu og kynningarefnis til fyrirtækja og atvinnuleitenda. Verkefnið stendur í eitt ár.

Vinnusamningar öryrkja

Vinnumálastofnun tók við öðru nýju verkefni áramótin 2016 þegar ábyrgð og umsjón með vinnusamningum öryrkja fluttist frá Tryggingastofnun ríkisins til Vinnumálastofnunar. Verkefnið frá TR fól í sér að taka við og afgreiða umsóknir um vinnusamninga fyrir öryrkja og sjá um endurgreiðslur launakostnaðar til atvinnurekenda.

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar eru, ásamt ráðgjöfum ýmissa starfsendurhæfingaraðila og sveitarfélaga, umsjónarmenn

vinnusamninga öryrkja og hafa sem slíkir það hlutverk að sækja um vinnusamninga, sjá um að réttar upplýsingar komi fram, eru tengiliðir atvinnurekenda og starfsmanna og bera ábyrgð á endurnýjun og endurskoðun samninganna.

Lagt var upp með að þjónustan yrði rafræn og voru þrjár vefgáttir þróaðar á upplýsingatæknisviði Vinnumálastofnunar. Fyrsta gáttin er fyrir atvinnurekendur þar sem umsóknir um vinnusamninga og greiðslur til atvinnurekenda eru afgreiddar. Þá er vefgátt fyrir umsjónaraðila vinnusamninga þar sem þeir fylla út umsóknir og fylgjast með þeim samningum sem þeir bera ábyrgð á. Í þriðja lagi er vefgátt fyrir atvinnurekendur þar sem þeir skila rafrænt inn launaseðlum og sjá alla útreikninga er varða endurgreiðslur og fylgjast þar með samningum og greiðslum.

Vefgáttirnar hafa haft jákvæð áhrif á þróun verkefnis um vinnusamninga öryrkja; afgreiðsluferlið styttist auk þess sem þjónustan varð hraðari og gagnaöryggi jókst til muna. Á árinu 2016 námu greiðslur til atvinnurekenda rúmlega 787 milljónum og fjárfest var í tölvukerfi vegna verkefnisins fyrir tæpar 20 milljónir. Greiðslur vegna fjárlagaliðsins voru því rúmar 807 milljónir.



Innleiðing verkefnisins tókst vel með samstilltu átaki starfsmanna þvert á svið Vinnumálastofnunar, atvinnurekenda og umsjónaraðila vinnusamninga. Í árslok 2016 voru í gildi 750 vinnusamningar öryrkja.

Fyrirmyndardagurinn 2016

Fyrirmyndardagurinn er orðinn að árlegum viðburði hjá Vinnumálastofnun en hann var haldinn í apríl. Á Fyrirmyndardegnum bjóða fjölbreytt fyrirtæki atvinnuleitendum með skerta starfsgetu að vera gestastarfsmenn í einn dag. Í ár var sérstaklega sóst eftir að ferðaþjónustufyrirtæki tækju þátt í deginum.

Það voru 97 gestastarfsmenn sem tóku þátt í Fyrirmyndardegnum á öllu landinu og margvísleg fyrirtæki sem buðu til sín gestastarfsmanni og má þar nefna veitingastaði, söfn, flugfélag, bílaleigur, hótél og margir fleiri.

Merki allra þátttökufyrirtækja, myndir og annað efni sem tengist Fyrirmyndardegnum er aðgengilegt á facebook síðu dagsins, sjá www.facebook.com/fyrirmyndardagurinn

Heildarfjöldi fólks á
Íslandi með skerta starfsgetu
í þjónustu árið 2016

1.037

Þar af 421 í vinnslu/atvinnuleit
og 592 í atvinnu með stuðningi/eftirfylgd

Á árinu 2016 bárust

350
umsóknir

um þjónustu og hluti þeirra sótti þar um
hæfingartengda þjónustu eða 25-30%.



GREIÐSLUSTOFA

Greiðslustofa Vinnumálastofnunar hefur það verkefni að annast fjárvörslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Í því felst að taka við umsóknum um atvinnuleysisbætur, afgreiða þær samkvæmt lögum og greiða út mánaðarlega ásamt því að ákvarða um biðtíma, beita viðurlögum, annast eftirlit með greiðslu bóta og sjá um innheimtu ofgreiddra bóta uppfylli umsækjandi ekki skilyrði laganna eða hafi fengið ofgreitt.

Starfsemin

Árið 2015 voru gerðar breytingar á verklagi í afgreiðslu umsókna og þjónustuveri. Hefur Greiðslustofa unnið eftir þessu verklagi í rúmt ár og hefur reynst vel. Tekið var á móti um 9.600 umsóknum á árinu 2016 og eru það færri umsóknir en tekið var á móti á árinu 2015 en þá voru umsóknir um 12.000.

Þó svo að umsóknum um atvinnuleysisbætur fækkaði þá voru snertingar við hvern umsækjanda fleiri hjá Greiðslustofu en áður, eða um 15.000 árið 2016. Árið 2014 tók Greiðslustofa að mestu leyti við eftirlitsdeild Vinnumálastofnunar sem áður var staðsett í Reykjavík. Gekk það verkefni vel á árinu þó svo að alltaf megi bæta við eftirlit. Nánar verður gert grein fyrir eftirlitsmálum í öðrum kafla.

Greiðslustofa greiddi út um 9 milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2016 og var meðalföldi viðskiptavina í mánaðarlegri útborgun 4.350, flestir í desember eða 4.977 og fæstir í október eða 3.606.

Þjónustuver Greiðslustofu sinnti upplýsingagjöf og veitti skýringar á stöðu mála bæði til umsækjenda sem og starfsmanna Vinnumálastofnunar, auk þess var svarað um 22.700 tölvupóstum af netfanginu greidslustofa@vmst.is og er það mun meiri móttaka á tölvupósti en árið 2015.



Greiðslustofa svaraði
22.700 tölvupóstum
og **16.200 símtölum**
árið 2016

Svarað var um 16.200 símtölum og var símsvörum um 90%, flestum símtölum var svarað í desember eða um 2.040 símtölum en fæstum símtölum í júlí eða um 953 símtölum.

Þann 1. janúar 2016 tók ríkisskattstjóri upp rafræna skráningu á persónuafslætti og varð við það breyting á verklagi hjá þjónustuveri Greiðslustofu. Fyrstu mánuðirnir á eftir fóru í að upplýsa fólk um hvernig það ætti að bera sig að í nýju umhverfi skráningar.

Samstarf hefur verið við Sýslumanninn á Blönduósi/ Innheimtumiðstöð (IMST) um innheimtu á endurkröfum á ofgreiddum atvinnuleysisbótum og gekk það samstarf með ágætum á árinu. Send voru um 351 mál til sýslumanns þar sem heildarupphæð nam um 67 milljónum króna, eru þetta mál sem að tilheyrja bæði árinu 2016 og fyrri árum.

Góður starfsandi hefur ríkt á Greiðslustofu frá stofnun hennar árið 2007 og er starfsmannahópurinn þéttur.



NORRÆNT SAMSTARF



„Unga in i Norden“

Geðheilsa - Atvinnuþátttaka – Menntun 2013 - 2016

Norraena ráðherranefndin tók ákvörðun árið 2012 um að setja í forgang verkefni sem hefði það að markmiði að tryggja virkni og þátttöku ungs fólks í námi og á vinnumarkaði og að leitað yrði leiða til að standa vörð um andlega heilsu þeirra og velferð. Ákvörðunin var tekin í kjölfar ráðstefnu sérfræðinga um geðheilsu ungs fólks og ótímabæra örorku, en sá hópur ungs fólks sem fer á örorku vegna andlegra veikinda er stór og fer vaxandi.

Niðurstæða ráðstefnunnar var að setja þrjú málið í forgang þar sem áhersla yrði lögð á að bæta og efla samstarfsþjónustukerfa. Þá þrjú sérstaklega að horfa til skólaumhverfisins og hvernig það styður við ungt fólk í viðkvæmri stöðu, hvernig megi fyrirbyggja og koma í veg fyrir brotthvarf úr skólum, hvernig megi auðvelda yfirfærslu úr skóla yfir á vinnumarkað og hvernig megi tryggja skjót viðbrögð og inngrip með virkni og stuðningi við þann hóp ungs fólks sem er í hættu gagnvart ótímabærri örorku.

Verkefnið hófst í lok árs 2013 og lauk með ráðstefnu í Osló þann 20. janúar 2017 þar sem niðurstöður voru kynntar. Nordens välfärdscenter í Stokkhólmi var falin ábyrgð á framkvæmd verkefnisins og vann að því með sérfræðingahópi sem í sátu fulltrúar landanna og var Hrafnhildur Tómasdóttir fulltrúi Íslands í samráðshópnum. Markmið með verkefninu var að skila útfærðum tillögum til ráðherranefndarinnar um aðgerðir sem

aukið gætu líkur á þátttöku ungs fólks í námi og á vinnumarkaði og skyldi þá sérstaklega horft til þess vaxandi hóps ungs fólks sem glímir við andleg veikindi. Uppleggið var þverfagleg nálgun með áherslu á hugmyndir sem auka myndi líkur á samstarfi heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, vinnumála- og skólakerfsins. Í verkefninu var mikil áhersla lögð á að láta raddir ungs fólksins heyrast sem var afar dýrmætt og lærdómsríkt.

Markmið verkefnisins:

- Að miðla þekkingu og reynslu á milli Norðurlandanna um aðgerðir sem tryggja virkni og þátttöku ungs fólks og geta komið í veg fyrir ótímabæra örorku.
- Að stuðla að samstarfi milli stofnana, rannsakenda, háskóla og fagaðila með það að markmiði að varpa ljósi á orsakir og afleiðingar þess að ungt fólk nær ekki að fóta sig á vinnumarkaði.
- Að stuðla að samstarfi um „besta úrræðið“ og þá sérstaklega þau úrræði sem snúa að því að tryggja yfirfærslu úr skóla yfir á vinnumarkað.
- Að stuðla að þróun þekkingar með rannsóknum, bæði samnorrænum og staðbundnum.
- Að hefja rannsóknir og þróunarstarf.
- Að skila tillögum með skýrum og vel útfærðum markmiðum fyrir stefnumótendur að fylgja eftir.



Hver er staðan og hvað einkennir hópurinn sem er í viðkvæmri stöðu?

Norðurlöndin eiga það sameiginlegt að vaxandi hópur ungs fólks á aldrinum 16 – 29 ára er á örorkubótum vegna andlegra veikinda og er talið að hlutfallið sé á bilinu 2- 5%. Þetta er eitt alvarlegasta lýðheilsuvandamálið sem samfélögin á Norðurlöndunum standa frammi fyrir. Í Evrópu er talað um svokallaðan NEET hóp sem er skilgreindur sem sá hópur ungs fólks sem hvorki er í námi, þjálfun né atvinnu. Hlutfall þessa hóps á Norðurlöndunum er talið vera 6 – 12%. Þó NEET hópurinn eigi það sameiginlegt að vera hvorki í vinnu né námi þá er mikil breidd í því sem einkennir hópin, þarfir hans og reynslu og því mikilvægt að þau úrræði og þjónusta sem honum stendur til boða taki mið af því.

Markhópur „Unga in i Norden“ var sá hópur ungra sem veikast stendur og sem talinn er í mestri hættu á útilokun frá vinnumarkaði. Eftirtalin atriði eru dæmi um áhættuþætti hvað varðar útilokun frá vinnumarkaði:

Ótímabært brotthvarf úr skóla	Líkamleg fötlun
Þunglyndi	Proskahömlun
Einmanaleiki	Félagsfælni
Lestrar- og skriftarörðugleikar	Afbrotahæðun
Skortur á starfsreynslu	Fiknivandi
Gedræn vandamál	Erfiðar félagslegar aðstæður

Grunnstefið í verkefninu var að leita svara við því hvernig velferðarkerfi landanna og þjónustukerfi þess geti betur mætt þörfum ungs fólks í viðkvæmri stöðu? Hvað geta Norðurlöndin lært hvert af öðru? Og hvað geta önnur lönd lært af norrænu löndunum? Í verkefninu var leitað samstarfs við fjölda sérfræðinga og rannsakenda á sviðinu og var afraksturinn birtur í fjölda skýrslna og samantekta sem má nálgast á vefsíðu verkefnisins: www.nordicwelfare.org/Projekt/Arbetsinkludering/Unga-i-Norden/



Þá var gerð vettvangsrannsókn á Íslandi, Færeyjum og í Noregi þar sem viðfangsefnið var að kanna þjónustu við markhóp verkefnisins og samstarf þjónustukerfa. Rannsakendur tóku viðtöl við ungt fólk á Íslandi sem tilheyrði markhópnum um upplifun þeirra af aðstæðum sínum og 35 einstaklinga sem starfa innan félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis, skólakerfis og vinnumála. Helsta áskorun sem Ísland stendur frammi fyrir að mati rannsakenda er að stórefla þarf geðheilbrigðisþjónustu við ungt fólk og sömuleiðis þarf að efla og styrkja samstarf á milli þjónustukerfa, en lesa má um niðurstöður rannsóknarinnar í skýrslunni „When someone has to take charge.“

www.nordicwelfare.org/Publications/Someone-has-to-take-charge_webb/

Niðurstöður: Tillögur til stjórnvalda og stefnumótunaraðila

Verkefninu lauk með lokaráðstefnu í janúar 2017 þar sem kynntar voru helstu niðurstöður og lokatillögur til stjórnvalda og stefnumótunaraðila, annars vegar frá fulltrúum unga fólksins og hins vegar frá verkefnisstjórn. Á öllum Norðurlöndunum er þörf á auknu fjármagni til málefna sem varða ungmenni almennt, hvort sem er til frístunda, menntunar eða heilbrigðismála. Að auki þarf að setja auknið fjármagn í sértæk úrræði og þjónustu við þann hóp ungs fólks sem er í hættu á að lenda utangarðs eða að þróa með sér gedrænan vanda.

Tillögur unga fólksins:

- Takið eftir okkur og hlustið á okkur.
- Hjálpið okkur að móta okkur stefnu og framtíð.
- Hjálpið okkur að ná markmiðum okkar.
- Hver eru réttindi okkar og skyldur.
- Við viljum vera þátttakendur í samfélaginu og að okkar sé þörf.
- Virðið okkur og veitið okkur öryggi.



Tillögur verkefnisstjórnar

- Að skapa bætt skilyrði fyrir samstarf þvert á fagstéttir og þjónustukerfi.
- Aukið fjármagn til að byggja brýr og efla samstarf til framtíðar.
- Að skapa forsendur fyrir þjónustukerfi til að bjóða snemmbært inngrip og aðgengileg úrræði fyrir ungt fólk.
- Inngrip á frumstigi vandans.
- Styrkja og efla framlínuþjónustu hjá þjónustukerfum – skólum, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu.
- Fjárfesta í heilsueflandi grunn- og framhaldsskólum.
- Fjölga fagstéttum innan skólakerfisins.
- Hindrunarlaus skólaganga með formlegri útskrift.
- Sveigjanlegri valkostir í námi.
- Opnið og aukið aðgengi að skólaheilsugæslu og þróu og viðhalda samstarfi við heilbrigðiskerfið.
- Aukið fjármagn í fræðslu um leiðir til bættrar geðheilsu.

Nánar um tillögurnar á

[Nordicwelfare.org/projekt/arbetsinkludering/
Unga-i-Norden](http://Nordicwelfare.org/projekt/arbetsinkludering/Unga-i-Norden)

Evrópskt samstarf

Benchlearning og samstarfsnet opinberra vinnumiðlana í Evrópu

Opinberar vinnumiðlanir í Evrópu starfa saman í samstarfsnetinu „European Network of Public Employment Services (PES Network).“ Með samstarfinu leitast opinberar vinnumiðlanir við að læra hver af annarri með því að greina og bera saman starfsemi milli landa, skiptast á upplýsingum og hugmyndum, styrkja og efla þjónustu og starfshætti, ásamt því að koma að mótun evrópskrar vinnuálastofnu og samsvarandi stefnum á landsvísi.

Stjórn samstarfsnetsins kemur saman tvisvar á ári til að ræða stefnumótun og ákvarðanatöku um starfsemi samstarfsnetsins. Gissur Pétursson forstjóri Vinnuálastofnunar á þar sæti í stjórn líkt og fulltrúar annarra aðildarríkja samstarfsnetsins.



Benchlearning er eitt af megin verkefnum PES samstarfsnetsins. Opinberar vinnumiðlanir í hverju landi fyrir sig fara í gegnum umfangsmikið sjálfsmat á grundvelli líkans sem PES samstarfsnetið hefur komið sér saman um og þróað var sérstaklega fyrir samstarfsnetið. Í kjölfar sjálfsmats á sér stað ytra mat sem ætlað er að styðja við og endurspegla sjálfsmatið og er ytra matsteymi skipað starfsfólki sem þekkir starfsemi sambærilegra erlendra stofnana. Tölfræðilegar upplýsingar spila einnig veigamikinn þátt í Benchlearning verkefninu og sjá sérfræðingarnir Karl Sigurðsson og Vignir Hafþórsson um tölfræðileg gagnaskil Vinnuálastofnunar. Vinnuhópur um Benchlearning sem skipaður er fulltrúum aðildarríkja í samstarfsnetinu, fundar tvisvar á ári og er Eiríka Ásgrímsdóttir þar fulltrúi Vinnuálastofnunar.

Á vormánuðum 2016 fór Vinnuálastofnun í gegnum Benchlearning sjálfsmatið. Sjálfsmatshópur lagði mat á stöðu ýmissa þátta í starfsemi VMST og leitaði eftir þörfum einnig til annarra starfsmanna í þeim tilgangi að bera kennsl á styrkleika og það sem betur má fara auk þess að greina helstu tækifæri til umbóta.

Niðurstöður þessa sjálfsmats ásamt frekari bakgrunnsupplýsingum voru send út í maí 2016 til ICON Institut sem heldur utan um framkvæmd Benchlearning verkefnisins. Þessi gögn voru svo notuð við undirbúning fyrir vettvangsheimsókn ytra matsteymis sem hingað kom í þriggja daga ferð í júní 2016. Teymið sem heimsótti Vinnuálastofnun var skipað einum sérfræðingi frá ESB, tveimur frá opinberum vinnumiðlunum (Belgíu og Luxemborg) og tveimur frá ICON. Teymið



fundaði með starfsfólki í Reykjavík auk þess að heimsækja þjónustuskrifstofu VMST á Akureyri.

Eftir vettvangsheimsóknina skilaði teymið af sér skýrslu varðandi það sem ytri matsmenn mátu styrkleika stofnunarinnar, tækifæri til umbóta og komu með ráðleggingar. Skýrsla þessi ásamt sjálfsmati Vinnumálastofnunar hefur síðan verið notuð til stuðnings við forgangsriðun umbótaverkefna og útfærslu þeirra. Það sem næst liggur fyrir hjá Vinnumálastofnun í Benchlearning verkefninu er að skila í lok sumars 2017 svokallaðri breytingarskýrslu. Tilgangur þeirrar skýrslu er m.a. að stofnunin fái yfirsýn yfir þá þætti sem skal bæta, átti sig á því hvaðan breytingarþörfin er sprottin og komi sér upp breytingaráætlun.

Breytingarskýrslur frá aðildarríkjum samstarfsnetsins eru annars vegar notaðar til að bera kennsl á lærdómshæfir þeirra og hins vegar hafðar til hliðsjónar við að velja það matsteymi sem heimsækir viðkomandi stofnun í næstu umferð Benchlearning matsins. Miðlun þekkingar er stór þáttur í starfsáætlun PES samstarfsnetsins og er svokallað Mutual learning programme samstarfsnetsins að stórum hluta skipulagt út frá þörfum sem greindar eru í Benchlearning matsferlinu.

Önnur umferð Benchlearning verkefnisins byggir á þeirri fyrri en er ekki bara endurtekning þar sem verkefnið er í sífellri þróun.

Snemma árs 2017 fara fyrstu fjögur löndin, Slóvakía, Austurríki, Ítalía og Frakkland, í gegnum matsferlið öðru sinni en fyrir liggur að við á Íslandi förum í gegnum Benchlearning matsferlið öðru sinni á árinu 2018.

Nánari upplýsingar um starfsemi European Network of Public Employment Services má finna í ársskýrslu þeirra:

ec.europa.eu/social/BlobServlet?docId=17000&langId=en

FREE – fræðsla fyrir frumkvöðlakonur á landsbyggðinni

Vinnumálastofnun stýrir Evrópuverkefninu FREE en markmið þess er að efla frumkvöðlakonur á landsbyggðinni og hvetja þær til dáða í sínum verkefnum. Segja má að verkefnið sé áframhald Female verkefnisins sem Vinnumálastofnun stýrði, en það var einnig fræðsluverkefni fyrir konur. Í því verkefni kom í ljós að konur á landsbyggðinni hafa oft ekki tók á því að ferðast um langan veg til að taka þátt í námskeiðum og kjósa að hafa aðgang að fræðslu í gegnum netið. Því var ákveðið að sækja um styrk fyrir öðru verkefni sem myndi einblína á þarfir frumkvöðlakennda á landsbyggðinni. Rannsóknir sýna einmitt að það sem helst skortir á landsbyggðinni er aðgangur að efni á netinu en einnig telja konur mikilvægt að hittast og mynda tengsl hver við aðra. Verkefnið er samstarfsverkefni sex aðila frá fimm löndum, en auk Vinnumálastofnunar á Íslandi tekur Bygðastofnun þátt ásamt aðilum frá Bretlandi, Búlgaríu, Króatíu og Litháen.

Verkefnið skiptist í þrjú þætti:

Í fyrsta lagi verður boðið upp á netnám í þáttum sem við koma hugmyndavinnu og rekstri fyrirtækja. Má þar nefna stefnumótun, útflutning, vörubrúun, markaðssetningu, kennslu í notkun samfélagsmiðla, netsölu og fjármál. Opnað hefur verið fyrir umsóknir um netnámið en verið er að leggja síðustu hönd á námsefnið. Mun það verða aðgengilegt í gegnum Moodle námskerfið á vefsíðu verkefnisins.

Í öðru lagi þá verða settir upp hæfnihringir á netinu, þar sem þátttakendum gefst kostur á að hitta aðrar konur í sömu stöðu og ræða þar málefni sem á þeim brenna. Notast verður við „Google hangout“ kerfið sem er gjaldfrjálst og krefst eingöngu þess að G-mail aðgangur sé til staðar hjá þátttakanda. Einnig verður hægt að nálgast gagnvirkar æfingar í persónulegri hæfni á vefsíðu verkefnisins.

Í þriðja lagi hafa verið sett upp tengslanet kvenna á þeim þremur stöðum sem einblínt er á en það eru Vestfirðir, Norðurland vestra og Austurland. Íbúáþróun hefur verið neikvæð á þessum svæðum og enn fremur sýna rannsóknir að konum fækkar meira á þessum svæðum en körlum. Tengslanetið byggir á hugmyndafræði frá Bretlandi, en þar hafa tengslanet kvenna í dreifbýli verið starfrækt í nokkurn tíma í gegnum WIRE verkefnið. Hugmyndafræðin byggir á þátttöku og að deila upplýsingum og þekkingu þeirra sem taka þátt og þannig efla færni og hæfni. Hluti af verkefninu var fræðsla um hugmyndafræðina fyrir þá tengslanetsleiðtoga sem stýra tengslanetinu á hverjum stað.

Starfsmenn Free verkefnisins eru þær Guðrún Stella Gissurar-dóttir og Ásdís Guðmundsdóttir sem enn fremur leiðir verkefnið.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu verkefnisins www.ruralwomeninbusiness.eu

EMPOWER

Námskeið fyrir ráðgjafa, sjálfbodaliða og konur af erlendum uppruna.

Vinnumálastofnun er einn þátttakandi í fjögurra landa Evrópuverkefni sem ber nafnið EMPOWER. Markmið þess er að þróa annarsvegar fræðslufni fyrir ráðgjafa og sjálfbodaliða sem vinna með konum af erlendum uppruna og hinsvegar að þróa námsefni fyrir konurnar sjálfar.

Með námskeiðunum gefst ráðgjöfum tækifæri til að efla hæfni í að aðstoða ráðþega sína og gefa þeim tækifæri til að þróa eigin starfshæfni og auka þannig möguleika sína á vinnumarkaði. Að sama skapi gefst konunum tækifæri til að efla eigin starfshæfni og vinna að viðskiptahugmynd ef hún er fyrir hendi.

Námsefnið samanstendur af átta námsþáttum til að efla styrkleika og seiglu til að takast á við nýjar áskoranir. Skoðað er hvaða úrræði eru fyrir hendi fyrir hópinn, farið er í markmiðasetningu og hvernig á að efla seiglu og aðferðarfræði aðgerðarnáms er notað í persónulegum hæfnihringjum.

Námskeiðið stendur yfir í fjóra mánuði og er skipulagið þannig að kennt er einn dag í mánuði auk þess sem boðið er upp á persónulega hæfnihringi þar sem þátttakendur fá tækifæri til að deila reynslu og aðstoða hver aðra við lausn á vandamálum. Námskeiðin verða keyrð tvisvar, að vori og að hausti 2017.

Samstarfsaðilar eru fjórir; Inova í Bretlandi, Vinnumálastofnun á Íslandi, KMOP á Grikklandi og SIF í Litháen en Inova stýrir verkefninu.

Starfsmenn EMPOWER hjá Vinnumálastofnun eru þær Ásdís Guðmundsdóttir, Ingibjörg Ebba Björnsdóttir og Sigrún Rós Elmers.

Nánari upplýsingar um verkefnið á vefsíðunni: www.empoweringwomen.eu



EFTIRLITSDEILD VINNUMÁLASTOFNUNAR

Helstu verkþættir eftirlitsdeildar Vinnumálastofnunar á árinu 2016 voru :

- Samkeyrslur.
- Eftirlit með staðfestingum og innskráningum á mínar síður erlendis frá.
- Stök mál / ábendingar.
- Eftirlit með þeim sem tilkynntu ekki heimkomu eftir atvinnuleit erlendis.
- Móttaka flugmiða og skráning.

Stök mál - Ábendingar /FINNUR / Fangelsismálastofnun

Stökum málum má aðallega skipta í tvo flokka, ótilkynnt vinna og ótilkynntar ferðir erlendis. Þau eru flest tilkomin vegna ábendinga, ýmist í gegnum ábendingahnappinn á vefsíðu VMST eða í gegnum tölvupóst. Auk ábendinganna eru mál sem tilkomin eru vegna samkeyrslu við FINN (vinnustaðaeftirlit aðila vinnumarkaðarins) og samkeyrslu við Fangelsismálastofnun, talin til stakra mála ásamt málum einstaklinga sem eru með opna launagreiðendaskrá samhliða því að fá greiðslu út Atvinnuleysistryggingasjóði.

Alls bárust 55 ábendingar á árinu 2016. Alls enduðu 26 þeirra með viðurlögum eða 47%. Skuldamyndun nam 6.648.294 kr. eða að meðaltali 255.704 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Staðfestingar og innskráningar erlendis frá

„Mínar síður“ Vinnumálastofnunar spila sífellt stærra hlutverk í samskiptum atvinnuleitenda og stofnunarinnar. Þar birtast allir launaseðlar, upplýsingar um skuldastöðu og stöðu umsóknar ásamt öllum þeim upplýsingum sem stofnunin vill koma á framfæri til skjólstæðinga sinna. Einnig þurfa þeir sem skráðir eru atvinnulausir að staðfesta atvinnuleit mánaðarlega og gerir langstærstur hluti þeirra það rafrænt á vefnum.

Lögum samkvæmt ber einstaklingum sem þiggja atvinnuleysisbætur að vera staddir á landinu og vera í virkri atvinnuleit. Til þess að hafa eftirlit með þessum skilyrðum laganna hefur stofnunin skoðað IP tölur þeirra sem skrá sig inn á „mínar síður.“ Ef staðsetning IP tölunnar gefur til kynna að atvinnuleitandi sé staddur erlendis er viðkomandi sent bréf þar sem óskað er eftir skýringum á ótilkynntri dvöl erlendis eða gögnum sem geta sýnt fram á veru viðkomandi á landinu á tilteknu tímabili.

Rétt er að geta þess að töluvert fleiri en áður notast nú við tækni sem hefur áhrif á staðsetningu IP-tölu (Dns service). Eru einstaklingar að nota þessa tækni m.a. til að nýta sé erlendar þjónustuveitur (t.d. Netflix og Hulu). Af þessum sökum hefur málafjöldi aukist og eru 219 fleiri mál í þessum málaflokki en á árinu 2014. Þessi mál enda ekki með viðurlagaákvörðun enda eru eðlilegar skýringar á upplýsingum á uppruna IP-tölu.

Alls sendi eftirlitsdeild út 814 bréf vegna staðfestinga/innskráninga erlendis frá. 26 málum lauk með viðurlagaákvörðun þar sem atvinnuleitendur höfðu verið erlendis án þess að tilkynna ferð sína til stofnunarinnar eða 3%. Skuldamyndun nam 7.876.127 kr. eða að meðaltali 32.817 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.



Námsmannasamkeyrslur

Námsmenn eru almennt ekki tryggðir innan atvinnuleysis-tryggingarkerfisins nema námið sé hluti af vinnumarkaðsaðgerð samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar. Á árinu 2015 var þrisvar sinnum óskað eftir upplýsingum úr nemendaskrá allra skóla á framhalds- og háskólastigi. Þessar upplýsingar eru samkeyrðar við greiðsluskrá Vinnumálastofnunar. Þeir einstaklingar sem skráðir eru í nám án þess að hafa gert námssamning við Vinnumálastofnun kunna að sæta viðurlögum á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.

Á árinu 2016 hóf eftirlitsdeildin alls 51 mál vegna námsmannasamkeyrslu. Engum málum lauk með viðurlagaákvörðun en 22 einstaklingum var synjað. Skuldamyndun nam 7.289.995 kr.

Samkeyrsla við Samgöngustofu

Einu sinni á ári óskar Vinnumálastofnun eftir upplýsingum frá Samgöngustofu (áður Vegagerðinni) vegna akstursheimilda útgefinna til leigubílstjóra.

Á árinu 2016 fór Vinnumálastofnun af stað með 25 mál í þessum málaflokki og þar af var 415 málum lokið með viðurlagaákvörðum eða 60% mála. Skuldamyndun nam 7.617.383 kr. eða að meðaltali 476.086 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Samkeyrsla við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra

Mánaðarlega er gerð samkeyrsla við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Er þetta einn stærsti þáttur eftirlitsdeildarinnar

Í dag. Í þessari samkeyrslu er það skoðað hvort einstaklingar sem eru á skrá hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði fái greitt annars staðar frá án þess að upplýsa stofnunina um það. Með þessum upplýsingum má bæði skoða það hvort viðkomandi hafi unnið einhversstaðar án þess að tilkynna það sem og leiðréttu tekjuskráningu og þar með greiðslur til einstaklinga sé þess þörf. Árið 2016 sendi eftirlitsdeildin út alls 1.875 bréf vegna samkeyrslu við staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra. Þar af lauk 315 málum með viðurlagaákvörðun eða 17 %. Skuldamyndun nam 42.502.583 kr. eða að meðaltali 134.929 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum í þessum málaflokki.

Rétt er að benda á að auk útistandandi krafna vegna viðurlagaákvæðna var töluvert um leiðréttingar á greiðslum. Með þessari samkeyrslu var því ekki eingöngu verið að hafa eftirlit með einstaklingum heldur var einnig stuðlað að því að greiðslur út Atvinnuleysisstryggingasjóði væru sem réttastar.

Annað

Auk reglubundinna samkeyrslna og virks eftirlits hefur eftirlitsdeildin það hlutverk að halda utan um alla þá einstaklinga sem ekki skila sér heim eftir atvinnuleit erlendis. Alls voru 123 einstaklingum synjað á þeim forsendum á árinu 2016. Þá heldur eftirlitsdeildin einnig utan um skráningu á orlofi einstaklinga sem fara erlendis.

Samantekt ársins

Á árinu 2016 sendi eftirlitsdeildin frá sér 2.943 bréf. Þar af var 1.031 málum lokið með viðurlagaákvörðun eða 35%. Skuldamyndun nam 71.934.382 kr. eða að meðaltali 69.771 kr. á hvern einstakling sem sætti viðurlögum.



Starfsmenn Vinnuálagæðinganna á vettvangi í eftirlitsferð.




ATVINNULEYSISTRÝGGINGAR

Vinnumálastofnun fer með umsýslu Atvinnuleysis-tryggingasjóðs samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar sem tóku við af eldri lögum um mitt ár 2006.

Einstaklingar sem óska atvinnuleysistrygginga sækja um í gegnum skráningarkerfi á vef Vinnumálastofnunar og viðhalda skráningu sinni þar og bæta við upplýsingum eftir þörfum. Skrifstofur Vinnumálastofnunar um land allt sjá um móttöku fylgigagna. Greiðslustofa Vinnumálastofnunar sér um útreikning á bótarétti umsækjenda og greiðslu atvinnuleysistrygginga og eru ákvarðanir um afgreiðslu flestra mála teknar þar. Starfandi er sérstök úthlutunarnefnd sem tekur vafaatriði til umfjöllunar og samræmingar.

Atvinnuleysistryggingar voru á árinu 2016 greiddar að hámarki í tvö og hálf ár. Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar fyrstu þrjá mánuði atvinnuleysis miðað við ákveðið hlutfall af fyrri tekjum og að ákveðnu hámarki. Þó eru atvinnuleitendur á grunnbótum fyrstu tíu dagana.

Tekjur af tryggingagjaldi og greiðslur atvinnuleysisbóta (milljónir kr.)




Fjárhæð grunnbóta var 202.054 kr. á mánuði á árinu 2016. Hámark tekjutengdra bóta var 318.532 kr. á mánuði og frítekjumark kr. 59.047 á mánuði.

Líkt og síðustu ár samþykkti ríkisstjórn Íslands að greiða út sérstaka desemberuppbót til atvinnuleitenda á árinu 2016. Þeir sem höfðu verið að fullu atvinnulausir í 10 mánuði eða lengur og að fullu tryggðir, fengu eingreiðslu, samtals 60.616 kr. Þeir sem höfðu verið án atvinnu skemur eða voru tryggðir að hluta, fengu eingreiðslu í samræmi við tryggingahlutfall sitt. Jafnframt fengu atvinnuleitendur með börn á framfæri greidda sérstaka uppbót. Alls fengu 3.629 einstaklingar greidda desemberuppbót árið 2016.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar annast Vinnumálastofnun sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði sjóðsstjórnar. Velferðarráðherra skipar stjórn sjóðsins samkvæmt tilnefningum aðila vinnumarkaðarins, en formann stjórnarinnar án tilnefningar. Á árinu 2016 var Einar

Greiðslur vegna úrræða atvinnuleitenda



frh. á næstu síðu

Karl Birgisson formaður og aðrir í stjórn þau Kristín Þóra Harðardóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Ingbór Karl Eiríksson, Ína Halldóra Jónasdóttir, Jón Rúnar Pálsson, Karl Björnsson, Kolbeinn Gunnarsson og Ólafía B. Rafnsdóttir. Greiðslur atvinnuleysisbóta lækkuðu á árinu 2016 frá fyrra ári, voru 9.369,9 milljarður króna í samanburði við 10.668,5 milljarða króna árið 2015. Sjóðurinn hefur einkum tekjur af atvinnuþryggingagjaldi sem skilaði sjóðnum 16,9 milljörðum króna á árinu 2016 en 14,8 milljörðum árið 2015 en atvinnuþryggingagjaldið var 1,35% og stóð í stað milli árunna 2015 og 2016. Samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé sjóðsins 18,2 milljarðar króna í árslok 2016 en nam 11,6 milljörðum króna í árslok 2015.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga


Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar. Um er að ræða tryggingasjóð vegna atvinnuleysis bænda, vörubifreiðastjóra og smábátæigenda, og er heimild í lögum til að bæta við öðrum starfsgreinum. Vinnuálastofnun fer með umsýslu sjóðsins í umboði sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins er tilnefnd af samtökum þeirra starfsgreina sem aðild eiga að sjóðnum og skipar velferðarráðherra formann stjórnar án tilnefningar. Stjórn Tryggingasjóðsins var þannig skipuð í árslok 2016: Aðalsteinn Haukur Sverrisson formaður, Oddbjörg Friðriksdóttir, Erna Bjarnadóttir og Grétar H. Guðmundsson.

Úrskurðarnefnd velferðarmála


Í ársbyrjun 2016 tóku gildi ný lög nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Með lögnum var úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða lögð niður og verkefni hennar færð til nýju nefndarinnar.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á ýmsum málefna sviðum, m.a. á grundvelli laga um atvinnuleysisstryggingar. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Útgefin U2 vottorðtil og frá Íslandi frá 2006-2016



Útgefin Evrópuvottorð atvinnuleitenda frá 2006 til 2016



Úrskurðarnefnd velferðarmála er skipuð tólf nefndarmönnum: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður, Kári Gunndórsson, Lára Áslaug Sverrisdóttir, Rakel Þorsteinsdóttir, Agnar Bragi Bragason, Arnar Kristinsson, Eggert Óskarsson, Eva Dís Pálmadóttir, Guðfinna Eydal, Jón Baldursson, Sigríður Ingvarsdóttir og Þórhildur Líndal.

Á árinu 2016 bárust úrskurðarnefnd velferðarmála 34 kærurál sem er mikil fækkun frá árinu 2015, en þá voru 89 mál kærð til fyrirrennara hennar.



Evrópuvottorð atvinnuleitenda

Vinnumálastofnun sér um útgáfu Evrópuvottorða, annars vegar til að staðfesta rétt einstaklinga til atvinnuleysisstrygginga (U1) og hins vegar vottorð sem heimilar einstaklingi að fara í atvinnuleit til annars Evrópulands án þess að atvinnuleysisstryggingar skerðist (U2). Er þetta gert á grundvelli Evrópureglna sem fyrst tóku gildi með EES samningnum 1. janúar 1994.

Á árinu 2016 gaf Vinnumálastofnun út 426 U2 vottorð sem er nokkur fækkun frá fyrri árum. Líkt og undanfarin ár voru flest vottorð gefin út til fólks á leið í atvinnuleit til Póllands, eða 222. Því næst kom Svíþjóð (31), Danmörk (27) og Noregur (24). Mun færri komu í atvinnuleit til Íslands. Þannig komu 79 einstaklingar hingað í atvinnuleit árið 2016 sem er lítils háttar fækkun miðað við fyrri ár. Nærri helmingur þeirra kom frá Danmörku, eða 38.

Á árinu 2016 voru gefin út 871 U1 leyfi til staðfestingar á rétti fólks til atvinnuleysisstrygginga. Er þetta nokkur aukning frá síðustu 3 árum, en talsvert færri vottorð en voru gefin út á árunum þar á undan. Líkt og undanfarin ár eru flest U1 vottorð gefin út og send til Póllands (316) á árinu 2016 og næst kom Tékkland (135) og þá Spánn (65), Danmörk (44), Þýskaland (42), Svíþjóð (38) og Frakkland (37).

Sumarstörf námsmanna

Atvinnuleysisstryggingasjóður kom að fjármögnun sumarstarfa fyrir námsmenn sumarið 2016 líkt og undanfarin ár. Stofnanir ríkisins og sveitarfélög gerðu átak í að skapa tveggja mánaða sumarstörf fyrir námsmenn og fengu á móti greitt úr Atvinnuleysisstryggingasjóði sem svarar upphæð atvinnuleysisbóta. Alls var ráðið í 260 sumarstörf sumarið 2016 í gegnum þetta átak, en um var að ræða fjölbreytileg störf fyrir háskólanema og elstu nemendur framhaldsskóla.

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 fer félags- og jafnréttismálaráðherra með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði ráðherra. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi en auk þess annast sjóðurinn greiðslu fæðingarstyrkja til foreldra utan vinnumarkaðar og í námi.

Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins en fæðingarstyrkir eru fjármagnaðir með framlagi úr ríkissjóði. Kostnaður af rekstri sjóðsins á að greiðast af tekjum hans. Ráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar og gerir sjóðurinn árlega

fjárhagsáætlun sem ráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra við undirbúning fjárlaga.

Frá 1. janúar 2007 hefur Fæðingarorlofssjóður verið í vörslu Vinnumálastofnunar sem annast hefur umsýslu sjóðsins frá þeim tíma. Öll vinnsla umsókna sem og símsvörun fyrir Fæðingarorlofssjóð fer fram á Hvammstanga og eru 12 starfsmenn sem sinna þeirri vinnu. Auk þess er margvísleg upplýsingaþjónusta og ráðgjöf veitt um fæðingarorlof á öðrum þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar um land allt. Á vefsíðu Fæðingarorlofssjóðs, www.faedingarorlof.is, er að finna fjölbreyttar upplýsingar og leiðbeiningar fyrir foreldra um réttindi þeirra í fæðingarorlofi. Frá upphafi hefur vefsíðan verið mikið notuð af skjólstæðingum sjóðsins. Fæðingarorlofssjóður styðst við svokallað IP símkerfi eða netsíma sem gerir stjórnendum fært að fá samtímaupplýsingar um álag og símsvörun.

Fæðingar barna frá 2001 - 2016

Ár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Börn	4.091	4.049	4.143	4.234	4.280	4.415	4.560	4.835	5.026	4.907	4.492	4.533	4.326	4.375	4.129	4.034

Heimild: Hagstofa Íslands

Fæðingarorlofsgreiðslur flokkaðar eftir fjölda og kyni 2007 - 2016

Ár	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Fæður orlof/styrkir	4.258	6.677	6.776	6.424	5.781	5.797	5.810	5.831	5.589	5.239
Mæður orlof/styrkir	7.148	7.446	7.696	7.652	7.224	6.992	6.926	6.824	6.656	6.356
Samtals orlof/styrkir	13.406	14.123	14.472	14.076	13.005	12.789	12.736	12.655	12.245	11.595
Fæðingarorlofsgreiðslur m. kr.	8.018	9.526	10.268	9.250	8.106	7.905	8.294	8.801	9.103	9.130
Meðalfjöldi pr. mánuð	4.400	4.700	4.770	4.650	4.326	4.178	4.077	4.017	4.047	3.860
Meðalupph. í millj. pr. mánuð	670	800	856	771	676	659	695	731	759	761

Heimild: Fæðingarorlofssjóður

Starfsemin

Megin verkefni Fæðingarorlofssjóðs er að ákvarða og annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi sem og að veita ráðgjöf og upplýsingar um réttindi foreldra til greiðslna.

Á árinu 2016 fengu 11.595 foreldrar greidda 9,130 m.kr. Þar af fengu 5.239 feður greidda 3,022 m.kr. en 6.356 mæður 6,108 m.kr. Samkvæmt því voru að meðaltali um 3.860 foreldrar í greiðslu í hverjum mánuði og námu greiðslur hvers mánaðar að meðaltali um 761 milljónum.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands fæddust 4034 lifandi börn á Íslandi á árinu 2016. Það eru 95 færri börn en árið 2015. Frá árinu 2001 þegar núgildandi lög öðluðust gildi hafa því ekki fæðst færri lifandi börn á Íslandi á einu ári.

Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma litið. Árið 2016 var frjósemi íslenskra kvenna 1,75 börn á ævi hvernar konu og hefur hún aldrei verið lægri frá því að mælingar hófust árið 1853. Árið 2015 var frjósemi 1,81 en það er næstlægsta frjósemi sem mælt hefur hér á landi.

Þegar skoðuð er nýting foreldra á rétti til fæðingarorlofs vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árin 2007 – 2016 má sjá að talsvert hefur dregið úr nýtingu feðra frá árinu 2008. Ef borin eru saman árin 2008 og 2014 má sjá að umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra hefur farið úr 90% í 81%, meðaldagafjöldi feðra á vinnumarkaði hefur lækkað úr 101 degi í 88 dag, fjöldi feðra á vinnumarkaði sem nýta ekki að fullu sinn grunnrétt (þ.e. 90 daga) hefur hækkað úr 22% í 34% og þá hefur þeim feðrum á vinnumarkaði sem nýta meira en sinn grunnrétt (þ.e. meira en 90 daga) fækkað úr 23% í 14%.

Endanlegar tölur liggja ekki fyrir vegna ársins 2015 fyrr en um áramótin 2017/2018 og vegna ársins 2016 ekki fyrr en um áramótin 2018/2019. Reynslan hefur sýnt að almennt taka feður fæðingarorlof þegar lengri tími er liðinn frá fæðingu barna þeirra en mæður og því líklegt að hlutföllin vegna árána 2015 og 2016 eigi eftir að breytast nokkuð.

Á árinu 2016 var áfram unnið að því að bæta rafræn samskipti sjóðsins við foreldra í fæðingarorlofi með það að markmiði að efla enn frekar þjónustuna og draga úr kostnaði notenda og sjóðsins. Foreldrum gefst nú kostur á að fá öll bréf frá Fæðingarorlofssjóði send með tölvupósti í stað hefðbundins bréfpósts. Langflestir foreldrar velja þann kostinn eða u.þ.b. 90% þeirra.

Fæðingarorlofsgreiðslur flokkaðar eftir fjölda og kyni 2007 - 2016

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015*	2016*
Mæður (Fjöldi)	4.555	4.809	4.965	4.817	4.406	4.406	4.181	4.249	3.982	3.867
Umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra	88,50%	90%	86%	84%	80%	78%	78%	81%	80%	74%
Meðaldagafjöldi feðra	101	101	98	92	86	80	81	88	84	75
Meðaldagafjöldi mæðra	181	178	178	179	179	178	180	182	182	182
Fjöldi feðra yfir grunnrétti	21,20%	23%	20%	17%	15%	13%	14%	14%	13%	11%
Fjöldi mæðra yfir grunnrétti	93,10%	93%	93%	95%	96%	96%	96%	96%	96%	96%
Fjöldi feðra undir grunnrétti	16,40%	22%	19%	27%	31%	34%	35%	34%	39%	50%
Fjöldi mæðra undir grunnrétti	1,50%	1%	1%	1%	1%	2%	1%	1%	1%	1%

Heimild: Fæðingarorlofssjóður. *Bráðabirgðatölur



Á árinu 2016 var unnið að uppfærslu á eyðublöðum sjóðsins sem og leiðbeiningum á vefsíðunni. Þá var gæðahandbók sjóðsins uppfærð og haldið námskeið fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar um fæðingarorlof.

Samningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Vinnumálastofnunar

Þann 18. júlí 2016 var undirritaður samningur milli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Vinnumálastofnunar um eflingu starfsemi Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga í samræmi við tillögur landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra.

Í samningnum er kveðið á um endurnýjun á Dynamics Navision tölvukerfi Fæðingarorlofssjóðs sem á árinu 2017 verður uppfært í útgáfu IS 2017 ásamt aðlögunum, gagnaflutningi og uppsetningu

í gagnaveri Advania. Samhliða því verður hugað að uppfærslu á gagnateningi Fæðingarorlofssjóðs (Olaf BI) eða tekin ákvörðun um að færa hann í Business objects BO. Þá er að því stefnt að samningi um rafvæðingu umsóknarferils, bæta rafræn samskipti við foreldra í fæðingarorlofi gegnum „Mínar síður“ og endurnýja vefsíðu Fæðingarorlofssjóðs.

Laga- og reglugerðabreytingar

Þann 15. mars 2016 voru gerðar breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 varðandi andvanafæðingar. Í stað þess að foreldrar öðlist áður sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi/-styrk í allt að þrjú mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu er nú um að ræða sjálfstæðan þriggja mánaða rétt hvors foreldris fyrir sig.

Þann 13. október 2016 var gerð breyting á reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks. Með breytingunni voru hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækkar úr 370.000 kr. á mánuði í 500.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 15. október 2016 eða síðar.

Framtíðarstefna mótuð í fæðingarorlofsmálum

Þann 11. mars 2016 skilaði starfshópur sem Eýgló Harðardóttir, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, hafði skipað um mótun framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum tillögum sínum til ráðherra.

Formaður starfshópsins var Birkir Jón Jónsson en auk hans áttu sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins. Starfsmenn starfshópsins komu annars vegar frá velferðarráðuneyti og hins vegar frá Vinnumálastofnun auk þess sem starfsmenn frá Fæðingarorlofssjóði unnu náði með starfshópnum.

Feðrum sem ekki nýta
fullan grunnrétt* sinn
til fæðingarorlofs hefur
fjölgað úr 22% í 34%

*90 dagar

Megintillögur meirihluta hópsins lutu að greiðslum og fjárhæðum en einnig að lengingu orlofsins, skiptingu þess milli foreldra og loks var lagt til að bil milli fæðingarorlofs og leikskóla yrði brúað. Helstu tillögur meirihlutans voru þessar:

- Að tekjur foreldris að 300.000 kr. á mánuði skerðist ekki en af viðmiðunartekjum umfram 300.000 kr. fái foreldri 80%.
- Hámarksgreiðslur verði hækkaðar í 600.000 kr. á mánuði.
- Fæðingarorlof verði lengt í áföngum úr 9 mánuðum í 12 frá 1. janúar 2019 til 1. janúar 2021.
- Þegar fæðingarorlof verði orðið 12 mánuðir skuli sjálfstæður réttur hvors foreldris fyrir sig vera 5 mánuðir en 2 mánuðir vera sameiginlegir.
- Að stofnuð verði verkefnisstjórn með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga sem hafi það hlutverk að vinna þarfagreiningu og aðgerðaráætlun svo mögulegt verði að bjóða öllum börnum dvöl á leikskóla við tólf mánaða aldur.


Þann 12. ágúst 2016 lagði ráðherra fram til umsagnar á vefsíðu velferðarráðuneytisins drög að frumvarpi til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof sem byggði á tillögum meirihluta starfshópsins auk ýmissa breytinga meðal annars í ljósi álitu umboðsmanns Alþingis, dóma sem kveðnir hafa verið upp af dómstólum landsins og úrskurðum úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála (nú úrskurðarnefndar velferðarmála) sem og í því skyni að skýra betur ýmis atriði sem þótt hafa óskýr við framkvæmd laganna. Áformað var að leggja frumvarpið fyrir Alþingi þá um haustið en af því varð ekki.

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Ábyrgðasjóður launa starfar samkvæmt lögum nr. 88/2003. Sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans.

Vinnumálastofnun annast skrifstofuhald fyrir sjóðinn á grundvelli samnings milli stjórnar sjóðsins, félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir tilnefndir af ASÍ og SA, og einn skipaður af velferðarráðherra sem er formaður. Stjórn sjóðsins var þannig skipuð árið 2016: Þórey Matthíasdóttir formaður, Halldór Oddsson og Ingibjörg Björnsdóttir.



Samantekt yfir greiðslur vegna helstu atvinnugreina

Tákn	Heiti	Kr.
A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	22.795.564
C	Framleiðsla	92.411.144
F	Byggingarstarfs. og mannvgerð	76.403.970
G	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	71.914.730
H	Flutningar og geymsla	22.742.001
I	Rekstur gististaða og veitingarekstur	105.758.642
J	Upplýsingar og fjarskipti	7.446.958
K	Fjármála og váttr.starfs.	11.380.809
L	Fasteignaviðskipti	4.051.402
M	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg st.	24.621.574
N	Leigust. og ýmis sérhæfð þjón.	32.599.430
Q	Heilbrigðis og félagsþj.	695.753
R	Menningar-, íþróttar og tómst.	1.313.178
S	Félagasamtök og önnur þj.starf	6.701.581
X	Óþekkt starfsemi	1.417.724
	Samtals	482.254.460

Útgjöld sjóðsins

Heildargreiðslur Ábyrgðasjóðs launa árið 2016 námu 482 m.kr. Útgjöld minnkuðu á milli árunna 2015 og 2016 en á árinu 2015 námu þau 524 m.kr.

Útgjöld vegna þrotabúa voru um 480 m.kr. og um 2 m.kr. vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja. Greiðslur vegna vangoldinna launa og slita á ráðningarsamningi námu 123 m.kr. og vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda 233 m.kr. Þar af um 10 m.kr. vegna séreignasparnaðar. Launagreiðslurnar hækkuðu um 9 m.kr. frá árinu 2015 og lífeyrissjóðsgreiðslurnar lækkuðu um 60 m.kr. frá árinu 2015.

Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði svipuð á árinu 2017 miðað við árið 2016. Alls fengu 243 launamenn greitt úr sjóðnum á árinu 2016 og gera má ráð fyrir að fjöldi launamanna á árinu 2017 verði á bilinu 250-300. Tekjur vegna úthlutana úr þrotabúum voru um 75 milljónir til sjóðsins á árinu 2016 en gert er ráð fyrir lægri fjárhæð á árinu 2017. Ábyrgðagjald er 0,05% fyrir árið 2017.


Framundan hjá sjóðnum

Starfsemi sjóðsins á árinu 2017 verður svipuð að umfangi miðað við árið á undan og búist er við því að fjöldi krafna til sjóðsins verði álíka mikill miðað við árið 2016. Navision tölvukerfi sjóðsins var uppfært á árinu sem hefur bætt vinnslu á upplýsingum úr kerfinu og aukið möguleika á að senda gögn inn í tölvukerfi sjóðsins með rafrænum hætti.





ÁRSREIKNINGUR VINNUMÁLASTOFNUNAR



Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006 tóku gildi 1. júlí 2006 og samkvæmt þeim hefur Vinnumálastofnun yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Vinnumálastofnun annast fjárvörslu, umsýslu og afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, Fæðingarorlofssjóð, Ábyrgðasjóð launa og Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga á sameiginlegri skrifstofu vinnumála. Sérstök stjórn er yfir Vinnumálastofnun svo og hinum einstöku sjóðum.

Á árinu 2016 var 73,4 m.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir stofnunarinnar 489,7 m.kr., skuldir 423,2 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 66,5 m.kr. í árslok 2016.

Stjórn og forstjóri staðfesta ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2017

Stjórn:

Ingvar Már Jónsson, formaður.

Sjöfn Þórðardóttir, varaformaður.

Sigurður Bessason.

Halldór Grönvold.

Stefán Aðalsteinsson.

Kristín Þóra Harðardóttir.

Jón Rúnar Pálsson.

Arna Jakobína Björnsdóttir.

Inga Rún Ólafsdóttir.

Guðný Einarsdóttir.

Forstjóri.

Gissur Pétursson.

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar Vinnuálastofnunar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vinnuálastofnunar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um stjórðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu um stjórnenda veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Vinnuálastofnunar 31. Desember 2016, afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Vinnuálastofnun og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra (stjórnenda) á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins


Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar er þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvörðunartöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind gagnrýni. Þá ber okkur að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, apríl 2017



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
TEKJUR			
Pjónustutekjur.....	1	957.600.000	825.200.000
Aðrar tekjur.....		151.879.680	150.029.071
		<u>1.109.479.680</u>	<u>975.229.071</u>
GJÖLD			
Rekstur aðalskrifstofu.....	2	715.840.032	701.409.074
Pjónustuskrifstofur.....	3	197.178.806	205.317.698
Önnur sérverkefni.....	4	8.360.313	9.089.285
Fæðingarorlofsþjófur.....	5	104.490.052	106.118.256
Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga.....	6	135.305.898	149.219.340
Vinumarkaðsráð.....	7	2.412.817	1.741.161
Atvinna með stuðningi - AMS.....	8	108.032.243	58.756.768
Greiðslustofa húsnæðisbóta.....	9	50.743.236	0
		<u>1.322.363.397</u>	<u>1.231.651.582</u>
Eignakaup.....	1	10.454.146	7.449.601
	0	<u>1.332.817.543</u>	<u>1.239.101.183</u>
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag		(223.337.863)	(263.872.112)
Ríkisframlag.....		<u>296.700.000</u>	<u>253.100.000</u>
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins		<u><u>73.362.137</u></u>	<u><u>(10.772.112)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

EIGNIR	Skýr.	2016	2015
Veltufjármunir	11		
Viðskiptakröfur.....		129.944.333	18.130.402
Handbært fé.....		359.785.489	195.770.418
Eignir alls		<u>489.729.822</u>	<u>213.900.820</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR			
Skuldir			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		(6.884.301)	3.887.811
Rekstrarniðurstaða ársins.....		73.362.137	(10.772.112)
Höfuðstóll		<u>66.477.836</u>	<u>(6.884.301)</u>
Eigið fé	12	<u>66.477.836</u>	<u>(6.884.301)</u>
SKULDIR			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður.....	13	375.338.998	163.724.751
Viðskiptaskuldir.....		47.912.988	57.060.370
Skuldir		<u>423.251.986</u>	<u>220.785.121</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>489.729.822</u>	<u>213.900.820</u>
Eign utan efnahags:			
Fasteignir.....	14		

Sjóðstreymi árið 2016

	Skýr.	2016	2015
REKSTRARHREYFINGAR			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		73.362.137	(10.772.112)
Veltufé frá rekstri		<u>73.362.137</u>	<u>(10.772.112)</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Viðskiptakröfur lækkun/(hækkun).....		(111.813.931)	17.185.229
Viðskiptaskuldir hækkun/(lækkun).....		(9.147.383)	36.236.660
		<u>(120.961.314)</u>	<u>53.421.889</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(47.599.177)</u>	<u>42.649.777</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</i>			
Framlag ríkissjóðs.....		(296.700.000)	(253.100.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		508.314.248	323.751.782
Fjármögnunarhreyfingar		<u>211.614.248</u>	<u>70.651.782</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		164.015.071	113.301.559
Handbært fé í ársbyrjun		<u>195.770.418</u>	<u>82.468.859</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>359.785.489</u>	<u>195.770.418</u>

Skýringar

SUNDURLIÐANIR

1. Þjónustutekjur

Þjónustutekjur Vinnumálastofnunar námu samtals 957,6 m.kr. en voru 822,2 m.kr. árið á undan. Hækkun þjónustutekna má að stærstum hluta skýra með umsýslutekjum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna verkefnis sem snýr að atvinnumálum fatlaðra.

	2016	2015
Atvinnuleysisstryggingasjóður.....	668.300.000	641.500.000
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.....	2.500.000	3.000.000
Ábyrgðasjóður launa.....	57.700.000	52.000.000
Fæðingarorlofssjóður.....	102.300.000	98.700.000
Starfsendurhæfing.....	29.000.000	27.000.000
Jöfnunarsjóður.....	97.800.000	0
	<u>957.600.000</u>	<u>822.200.000</u>

2. Rekstur aðalskrifstofu

Aðalskrifstofan sér um stjórnun, skipulag og rekstur allra þjónustueininga Vinnumálastofnunar. Hækkun rekstrarkostnaðar nam 14,4 m.kr. eða um 2,0% milli ára. Launagjöld og starfsmannakostnaður hækka um 16,1 kr. milli ára eða um 3,0%.

Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	565.441.278	549.291.484
Húsnæðiskostnaður.....	71.970.688	75.588.443
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	22.256.190	24.714.451
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	20.268.631	21.986.199
Funda- og ferðakostnaður.....	15.863.725	9.415.241
Rekstur tækja og áhalda.....	3.922.935	3.339.352
Bifreiðakostnaður.....	211.003	1.626.612
Annar rekstrarkostnaður.....	15.765.227	15.400.792
Tilfærslur.....	140.355	46.500
	<u>715.840.032</u>	<u>701.409.074</u>

Skýringar frh.

3. Þjónustuskrifstofur

Þjónustuskrifstofur, aðrar en Fæðingarorlofssjóður, Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga og Greiðslustofa húsnæðisbóta, eru sex talsins: Á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Þjónustuskrifstofan á höfuðborgarsvæðinu tilheyrir Ráðgjafa- og vinnumiðlunarsviði og þjónustuskrifstofan á Norðurlandi vestra tilheyrir Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga. Rekstrarkostnaður þjónustuskrifstofanna sex lækkar um 8,1 m.kr. milli ára.

	2016	2015
Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	152.644.899	160.813.126
Húsnæðiskostnaður.....	25.703.741	25.343.130
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	529.394	899.983
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	8.869.068	7.022.732
Funda- og ferðakostnaður.....	4.779.786	6.450.110
Rekstur tækja og áhalda.....	298.572	323.660
Bifreiðakostnaður.....	256.861	237.315
Annar rekstrarkostnaður.....	4.090.485	4.221.642
Tilfærslur.....	6.000	6.000
	<u>197.178.806</u>	<u>205.317.698</u>

4. Önnur sérverkefni

Undir liðinn önnur sérverkefni árið 2016 flokkast: EURES, FREE, Enterprise 4ALL, Leonardo, Job Broker og Lánatryggingasjóður kvenna.

	2016	2015
Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	1.667.509	912.412
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	1.131.615	1.348.503
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	1.127.998	1.272.329
Funda- og ferðakostnaður.....	4.174.922	5.490.393
Annar rekstrarkostnaður.....	258.269	65.648
	<u>8.360.313</u>	<u>9.089.285</u>

Skýringar frh.

5. Fæðingarorlofssjóður

Skrifstofa Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga sér um reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir fæðingarorlof og fæðingarstyrki. Lækkun rekstrarkostnaðar Fæðingarorlofssjóðs nam 1,6 m.kr. eða um 1,5 % milli ára.

	2016	2015
Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	89.384.561	89.203.056
Húsnæðiskostnaður.....	4.725.623	5.206.470
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	2.842.083	2.724.614
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	4.901.711	6.570.121
Funda- og ferðakostnaður.....	567.735	575.147
Rekstur tækja og áhalda.....	434.449	29.157
Annar rekstrarkostnaður.....	1.563.907	1.768.191
Tilfærslur.....	69.983	41.500
	<u>104.490.052</u>	<u>106.118.256</u>

6. Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga

Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga á Skagaströnd sér um umsýslu atvinnuleysisbóta. Lækkun rekstrarkostnaðar Greiðslustofu nam 13,9 m.kr. eða 9,3 % milli ára.

	2016	2015
Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	118.482.437	125.062.780
Húsnæðiskostnaður.....	6.539.931	7.120.603
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	5.820.646	7.216.021
Funda- og ferðakostnaður.....	964.583	626.268
Rekstur tækja og áhalda.....	133.980	245.421
Bifreiðakostnaður.....	191.222	738.366
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	592.149	5.629.367
Annar rekstrarkostnaður.....	2.568.070	2.570.514
Tilfærslur.....	12.880	10.000
	<u>135.305.898</u>	<u>149.219.340</u>

Skýringar frh.

7. Vinnumarkaðsráð

Vinnumarkaðsráð eru til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúrræðum á svæðisbundnum þjónustuskrifstofum.

	2016	2015
Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	1.683.857	1.205.486
Funda- og ferðakostnaður.....	660.440	459.592
Annar rekstrarkostnaður.....	68.520	76.083
	<u>2.412.817</u>	<u>1.741.161</u>

8. Vinnumarkaðsráð Atvinna með stuðningi - AMS

Atvinna með stuðningi er fyrir þá einstaklinga með skerta starfsgetu sem þurfa aðstoð við að fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Verkefnið er fjármagnað að hluta til með tekjum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Mikill kraftur hefur verið settur í verkefnið frá því stofnunin tók við umsýslu með vinnusamningum öryrkja á árinu 2016 og skýrist hækkan rekstrarkostnaðar af því en hún nam 54,4 m. kr. eða 101 % milli ára.

	2016	2015
Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	95.044.162	42.937.584
Húsnæðiskostnaður.....	4.300.000	4.000.000
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	1.165.375	575.500
Funda- og ferðakostnaður.....	4.619.554	3.814.092
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	2.708.207	1.872.931
Annar rekstrarkostnaður.....	194.945	427.557
	<u>108.032.243</u>	<u>53.627.664</u>

Skýringar frh.

9. Greiðslustofa húsnæðisbóta

Á árinu 2016 tók Vinnumálastofnun að sér framkvæmd laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og að útfæra Greiðslustofu til húsnæðisbóta. Greiðslustofan er staðsett á Sauðárkróki og verkefnið fór af stað um mitt árið. Til viðbótar við rekstrarkostnað ársins eru eignar kaup sem gert er grein fyrir í skýringu 11. Útlagður stofnkostnaður verkefnisins er endurgreiddur af Velferðaráðuneytinu.

	2016	2015
Launagjöld og starfsmannakostnaður.....	15.503.917	0
Húsnæðiskostnaður.....	13.818	0
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	23.064.944	0
Funda- og ferðakostnaður.....	1.477.164	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	7.523.900	0
Annar rekstrarkostnaður.....	3.159.493	0
	<u>50.743.236</u>	<u>0</u>

10. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 2016 voru að stærstum hluta tölvubúnaður og húsbúnaður.

	2016	2015
Tölvubúnaður.....	6.127.086	3.487.735
Húsbúnaður.....	2.808.208	2.577.816
Skrifstofuvélar.....	1.187.868	834.355
Önnur tæki og búnaður.....	330.984	549.695
	<u>10.454.146</u>	<u>7.449.601</u>

11. Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2016 eru hærri samtals en í árslok 2015 staða handbærs fjárs er mun hærri í árslok 2016 en hún var í árslok 2015.

Skýringar frh.

12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2016 nam skuld stofnunarinnar hjá ríkissjóði 375,3 m.kr.

	2016	2015
Staða í ársbyrjun.....	(163.724.750)	(93.072.969)
Ríkisframlag.....	296.700.000	253.100.000
Greiðslur.....	(506.277.464)	(321.855.036)
Millifærslur.....	(2.036.784)	(1.896.745)
Staða í árslok	<u>(375.338.998)</u>	<u>(163.724.750)</u>

13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2016 sýnir höfuðstóll Vinnumálastofnunar 66,5 m.kr. uppsafnaðan tekjuafgang þegar búið er að taka tillit til rekstrarniðurstöðu ársins.

	2016	2015
<i>Höfuðstóll:</i>		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	(6.884.301)	3.887.811
Tekjuafgangur (-hali).....	<u>73.362.137</u>	<u>(10.772.112)</u>
Höfuðstóll í árslok	<u>66.477.836</u>	<u>(6.884.301)</u>

14. Fasteignir

Vinnumálastofnun á eina fasteign í árslok 2016, hún er í Miðási 1, 700 Egilsstöðum. Í samræmi við reikningshaldsreglur hjá A-hluta stofnunum ríkissjóðs eru fasteignir ekki færðar upp sem eign í efnahagsreikningi. Eftirfarandi eru upplýsingar um fasteigna- og brunabótamat fasteignarinnar:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Miðás 1.....	12.200.000	26.850.000

Skýringar frh.

KENNITÖLUR

Fjögra ára yfirlit í þús. kr. á verðlagi hvers árs:

	2016	2015	2014	2013
Rekstur				
Rekstrartekjur.....	1.109.480	975.229	934.888	1.080.463
Rekstrargjöld.....	(1.322.363)	(1.231.652)	(1.207.676)	(1.265.042)
Eignakaup.....	(10.454)	(7.450)	(4.889)	(13.566)
Tekjuafgangur	<u>(223.337)</u>	<u>(263.873)</u>	<u>(277.677)</u>	<u>(198.144)</u>
Ríkisframlag.....	296.700	253.100	227.346	130.000
Tekjuafgangur ársins	<u><u>73.363</u></u>	<u><u>(10.773)</u></u>	<u><u>(50.331)</u></u>	<u><u>(68.144)</u></u>
Efnahagur				
Veltufjármunir.....	<u>489.731</u>	<u>213.900</u>	<u>117.784</u>	<u>153.861</u>
Eignir alls	<u><u>489.731</u></u>	<u><u>213.900</u></u>	<u><u>117.784</u></u>	<u><u>153.861</u></u>
Höfuðstóll.....	66.479	(6.886)	3.887	54.219
Skammtimaskuldir.....	<u>423.252</u>	<u>220.786</u>	<u>113.897</u>	<u>99.462</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u><u>489.731</u></u>	<u><u>213.900</u></u>	<u><u>117.784</u></u>	<u><u>153.682</u></u>

NOKKRAR LYKILTÖLUR

úr ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs

Rekstrarreikningur árið 2016

	2016	2015
Tekjur		
Atvinnuþryggingagjald.....	16.900.939.663	14.801.131.660
Aðrar tekjur.....	0	588.191
	<u>16.900.939.663</u>	<u>14.801.719.851</u>
Gjöld		
Atvinnuleysisbætur.....	9.369.995.692	10.668.502.632
Styrkir til fiskvinnslustöðva.....	177.418.837	130.604.499
Úrræði fyrir atvinnuleitendur.....	359.962.370	423.559.297
Framlög og styrkir.....	38.760.068	45.434.027
	<u>9.946.136.967</u>	<u>11.268.100.455</u>
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður.....	671.787.677	646.306.135
Afskrift tryggingagjalds.....	88.531.171	109.720.857
	<u>10.706.455.815</u>	<u>12.024.127.447</u>
Rekstrarafgangur / (-rekstrarhalli).....	6.194.483.848	2.777.592.404
Fjármunatekjur.....	487.124.763	296.838.596
Fjármagnsgjöld.....	(95.102.244)	(56.537.792)
	<u>392.022.519</u>	<u>240.300.804</u>
Tekjuafgangur / (-tekjuhalli) ársins	<u>6.586.506.367</u>	<u>3.017.893.208</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	2016	2015
EIGNIR		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur.....	477.126.789	803.291.104
Álagt óinnheimt tryggingagjald.....	1.831.720.040	1.815.069.638
Viðskiptareikningur ríkissjóðs.....	13.525.206.807	8.077.921.826
Handbært fé.....	2.728.438.660	1.485.312.469
	<u>18.562.492.296</u>	<u>12.181.595.037</u>
Eignir alls	<u>18.562.492.296</u>	<u>12.181.595.037</u>
 EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Bundið eigið fé í ársbyrjun.....	11.594.101.552	8.576.208.344
Tekjuafgangur (-halli) ársins.....	6.586.506.367	3.017.893.208
	<u>18.180.607.919</u>	<u>11.594.101.552</u>
Bundið eigið fé	<u>18.180.607.919</u>	<u>11.594.101.552</u>
 Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptamenn, aðrir.....	255.220.785	476.056.713
Aðrar skammtímaskuldir.....	126.663.591	111.436.771
	<u>381.884.377</u>	<u>587.493.484</u>
Skuldir	<u>381.884.377</u>	<u>587.493.484</u>
 Eigið fé og skuldir	 <u>18.562.492.296</u>	 <u>12.181.595.037</u>
 Eign utan efnahags:		
Fasteignir.....		

NOKKRAR LYKILTÖLUR

úr ársreikningi Fæðingarorlofssjóðs

Rekstrarreikningur árið 2016

	2016	2015
Tekjur		
lðgjöld skv. l. nr. 95/2000 um fæðingarorlof	8.171.708.313	7.100.173.355
	<u>8.171.708.313</u>	<u>7.100.173.355</u>
Gjöld		
Orlof til foreldra á vinnumarkaði	8.623.434.726	8.686.340.998
Styrkir til foreldra utan vinnumarkaðar	504.833.053	597.272.661
Stjórnunarkostnaður	102.300.000	98.700.000
Samtals	<u>9.230.567.779</u>	<u>9.382.313.659</u>
Afskrifuð iðgjöld	58.998.238	89.838.162
Gjöld samtals	<u>9.289.566.017</u>	<u>9.472.151.821</u>
Tekjuafgangur	(1.117.857.704)	(2.371.978.466)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>28.184.929</u>	<u>(17.748.361)</u>
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(1.089.672.775)	(2.389.726.827)
Ríkisframlag	<u>731.800.000</u>	<u>617.000.000</u>
Tekjuafgangur / (-tekjuhalli) ársins	<u>(357.872.775)</u>	<u>(1.772.726.827)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	2016	2015
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	937.933.462	1.729.319.433
Iðgjöld á lögð óinnheimt	951.565.958	971.509.251
Ýmsar kröfur	1.976.870	8.849.322
Handbært fé	978.367.906	477.917.882
	<u>2.869.844.196</u>	<u>3.187.595.888</u>
Eignir alls	<u><u>2.869.844.196</u></u>	<u><u>3.187.595.888</u></u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Höfuðstóll	226.966.947	19.727.339
Bundið eigið fé	2.375.540.687	2.960.380.409
Eigið fé	<u>2.602.507.634</u>	<u>2.980.107.748</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Aðrar skammtímaskuldir	267.336.562	207.488.140
Skuldir	<u>267.336.562</u>	<u>207.488.140</u>
Eigið fé og skuldir	<u><u>2.869.844.196</u></u>	<u><u>3.187.595.888</u></u>

NOKKRAR LYKILTÖLUR

úr ársreikningi Ábyrgðasjóðs launa

Rekstrarreikningur árið 2016

	2016	2015
TEKJUR		
Ábyrgðargjald skv. lögum nr. 88/2003	624.285.194	529.796.642
Úthlutað úr þrotabúum	75.403.365	59.724.621
	<u>699.688.559</u>	<u>589.521.263</u>
GJÖLD		
Laun í gjaldþroti	129.031.625	114.400.159
Orlofslaun vegna greiðsluferðleika	1.945.207	0
Iðgjöld til lífeyrissjóða vegna gjaldþrota	232.822.910	304.262.429
Lögfræði- og innheimtukostnaður	69.417.361	57.692.222
Vaxtaálag á laun og bætur	46.156.927	55.471.248
Skaðabótakröfur launþega	5.542.738	5.728.093
Skrifstofukostnaður	58.496.583	52.926.276
	<u>543.413.351</u>	<u>590.480.427</u>
Afskrifað ábyrgðargjald	4.417.749	10.807.271
	<u>547.831.100</u>	<u>601.287.698</u>
Rekstrarafgangur / (rekstrarhalli)	151.857.459	(11.766.435)
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	93.707.758	71.679.197
	<u>245.565.217</u>	<u>59.912.762</u>
Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins		

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	2016	2015
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	2.415.328.147	2.063.736.621
Kröfur á gjaldendur	85.805.561	95.708.467
Aðrar skammtímakröfur	683.960	2.024.529
Handbært fé	144.894.753	225.497.115
	<u>2.646.712.421</u>	<u>2.386.966.732</u>
Eignir alls	<u>2.646.712.421</u>	<u>2.386.966.732</u>
	<u>2.646.712.421</u>	<u>2.386.966.732</u>
 EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	2.382.317.097	2.322.404.335
Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins	245.565.217	59.912.762
Eigið fé	<u>2.627.882.314</u>	<u>2.382.317.097</u>
 Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Staðgreiðsla skatta	1.790.752	1.544.338
Iðgjöld lífeyrissjóða	632.463	145.544
Aðrar skammtímaskuldir	16.406.892	2.959.753
Skuldir	<u>18.830.107</u>	<u>4.649.635</u>
 Eigið fé og skuldir	<u>2.646.712.421</u>	<u>2.386.966.732</u>

VINNUMÁLASTOFNUN UM LAND ALLT



ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFUR VINNUMÁLASTOFNUNAR

Austurland

Tjarnarbraut 39 a 700 Egilsstaðir
Sími: 515 4800 | austurland@vmst.is
Opíð alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00

Greiðslustofa atvinnuleysistrygginga

Túnbraut 1-3, 545 Skagaströnd
Sími: 582 4900 | greiðslustofa@vmst.is
Opíð frá klukkan 9:00 til 15:00 alla virka daga

Höfuðborgarsvæðið

Kringlunni 1, 103 Reykjavík
Sími: 515 4800 | postur@vmst.is
Opíð frá klukkan 9:00 til 15:00 alla virka daga
nema á föstudögum til klukkan 13:00

Norðurland eystra

Skípagata 14 600 Akureyri
Sími: 515-4800 | nordurland.eystra@vmst.is
Opíð mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 15:00,
en föstudaga frá kl. 09:00-13:00

Norðurland vestra

Túnbraut 1-3, 545 Skagaströnd
Sími: 515 4800 | nordurland.vestra@vmst.is
Opíð alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00

Suðurland

Eyravegi 25 2.hæð, 800 Selfoss
Sími: 515-4800 | sudurland@vmst.is
Opíð alla virka daga frá klukkan 09:00-13:00

Suðurnes

Krossmói 4a - 2. hæð, 260 Reykjanesbær
Sími: 515-4800 | sudurnes@vmst.is
Opíð frá klukkan 9:00 til 15:00 alla virka daga nema
á föstudögum til klukkan 13:00

Vestfirðir

Árnagötu 2 - 4 400 Ísafjörður
Sími: 515-4800 | vestfirdir@vmst.is
Opíð alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00



Vesturland

Stillholt 18, 2.hæð 300 Akranes
Sími: 515-4800 | vesturland@vmst.is
Opíð alla virka daga frá klukkan 9:00 til 13:00



VINNUMÁLA
STOFNUN





**VINNUMÁLA
STOFNUN**

Kringlunni | 103 Reykjavík | Sími 515 4800 | www.vmst.is